



ÁRS- OG SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2025



ÁRS- OG SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2025



SAMHERJI
ICE FRESH SEAFOOD

Samherji hf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri
samherji@samherji.is
www.samherji.is

EFNISYFIRLIT

Um skýrsluna	4	Landeldi	31	Félagslegir þættir	51
Ávarp forstjóra	5	Samherji fiskeldi ehf.	32	Mannauður	52
Árið í hnotskurn	8	Eldisgarður	33	Fræðsla	52
Samstæðan	9	Vinnsla eldisafurða.....	34	Hefur stýrt starfsmannafélagi ÚA frá 1992	53
Almennt um Samherja	10	Hefur starfað hjá Silfurstjórnunni í 37 ár	35	Mannréttindi.....	54
Starfsstöðvar	11	Umhverfi	36	Jafnrétti.....	54
Skipurit	12	Almennt	37	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd	54
Stjórn	13	Sjálfbærnimarkmið Samherja	37	Skipulögð áhættustjórnun	55
Undirnefndir stjórnar	14	Almennt um sjálfbærni hjá Samherja	38	Slys á árinu	55
Eigendur	15	Tvöföld mikilvægisgreining	38	Heilsuefling	55
Virðisbætur.....	16	Liffræðileg fjölbreytni.....	39	Stuðningur við nærsamfélagið	56
Fjárhagur	17	Losun og orkunotkun.....	41	Samstarf Samherja og HSÍ	57
Rekstur 2025.....	18	Oliunotkun.....	42	Stjórnarhættir	58
Rekstrarreikningur 2025	18	Oliunotkun á veitt tonn	42	Almennt	59
Efnahagsreikningur 2025	19	Vatn og frárennsli	42	Hlítingarkerfi	59
Sjóðsstreymi 2025	19	Veiðarfæri	43	Aðild að samtökum	59
Tölulegt yfirlit – samanburður við fyrri ár.....	20	Ruddi brautina í endurvinnslu veiðarfæra	44	GRI Tilvísunartafla.....	61
Veiðar og vinnsla	21	Flokkun úrgangs.....	43		
Samherji Ísland ehf.	22	Flutningur afurða og umbúðanotkun	46		
Skipafloti Samherja 2025	23	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	47		
Hlutdeild í tegundum	24	Gæðamál og vottanir.....	48		
Afli ísfisktogara.....	24	Áhættur og tækifæri vegna loftslagsbreytinga	49		
Uppsývarveiðar	25				
Frystitogari.....	26				
Vinnsla hráefnis	27				
Próa nýjar tæknilausnir og smíða varahluti á staðnum	28				
„Besti bitinn af þorskinum“	30				

Forsíðumynd: Frá vinnslustöð Samherja Dalvík.

UM SKÝRSLUNA

Samherji hf. gefur nú út í þriðja sinn árs- og sjálfbærnisráskýrslu þar sem félagið miðlar upplýsingum um áhrif þess á umhverfi og samfélag og gerir grein fyrir stjórnarháttum. Þá hefur skýrslan að geyma yfirlit um fjárhag samstæðunnar.

Skýrslan nær yfir tímabilið 1. janúar 2025 til 31. desember 2025 sem er fjárhagsárið í ársreikningi félagsins. Allar upplýsingar falla undir það tímabil nema annað sé tekið fram. Skýrslan nær til Samherja hf. og dótturfélaga en yfirlit yfir samstæðuna má nálgast hér aftar.

Global Reporting Initiative (GRI) staðlarnir voru hafðir til hliðsjónar við ritun skýrslunnar og er GRI tilvísunartafla birt aftast. Þá var horft til UFS (ESG) leiðbeininga Nasdaq um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

EKKI eru leiðréttar eða endurbirtar upplýsingar úr fyrri skýrslum, t.d. leiðréttir útreikningar, vegna breyttra forsenda við miðlun viðkomandi upplýsinga. Í sumum tilvikum eru upplýsingar birtar óbreyttar frá síðustu útgáfu. Það á einkum við í tilfellum þar sem engin breyting hefur orðið frá árinu á undan og má þar nefna upplýsingar um hluthafa félagsins, ýmsar stefnur á sviði stjórnarháttanna o.fl.

Skýrslan var alfarið unnin innanhúss af teymi starfsfólks Samherja sem heyrir undir forstjóra. Hönnun og umbrot var höndum auglýsingastofunnar EnnEmm líkt og undanfarin ár. Skýrslan var ekki ritrýnd eða endurskoðuð af þriðja aðila. Fyrirspurnir, ábendingar og athugasemdir varðandi efni hennar er hægt að senda á netfangið samherji@samherji.is.



Um borð í ísfisktogaranum Björgu EA 7.

ÁVARP FORSTJÓRA

Samherji hefur frá upphafi umgengist auðlindir hafsins af virðingu. Við stundum veiðar á ábyrgan hátt, leggjum okkur fram við vinnslu afurðanna, nýtum hráefni af kostgæfni, vöndum til flutninga og markaðssetningar og kappkostum þannig að verðmæti fari hvergi forgörðum.

Öllum er ljóst að sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur á Íslandi og hefur í áratugi verið ein af meginstöðum íslensks atvinnulífs. Hvort sem litið er til hlutdeildar í landsframleiðslu eða gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins. Gott gengi í sjávarútvegi hefur verið samofið efnahagslegri velsæld þjóðarinnar enda bitna lakari aflabrogð á atvinnulífinu í heild.

Samherji er lóðrétt samþætt alhliða sjávarútvegsfyrirtæki sem hefur verið öndverðu lagt megináherslu á atvinnuuppbyggingu í heimahögum. Við erum íslenskt fyrirtæki með sterk tengsl og djúpar rætur á Eyjafjarðarsvæðinu. Við erum stolt af því og sýnum það í verki með fjárfestingu og uppbyggingu.

Sjávarútvegur er afar fjárfrek atvinnugrein sem kallar á miklar fjárfestingar í skipum, vinnsluhúsum og búnaði. Þetta endurspeglast í því að eigið fé þarf að vera óvenju hátt í samanburði við fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Fjárfestingar eru líka nauðsynlegar til þess að verja samkeppnishæfni og gera okkur kleift að bjóða kröfuhörðustu viðskiptavinum okkar upp á afurðir af bestu fánlegu gæðum enda erum við í harðri alþjóðlegri samkeppni allt árið um kring.

MIKILVÆGIR ÁFANGAR Í UPPBYGGINGU ELDISGARÐS

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Samherja. Framkvæmdir vegna Eldisgarðs, nýrrar landeðisstöðvar Samherja fiskeldis á Reykjanesi, komust á fullan skrið á árinu og öflugur og fjölbreyttur hópur einkafjárfesta bættist í hóp hluthafa. Eldisgarður verður byggður í þremur áföngum og fullbúin á stöðin að geta framleitt um 36.000 tonn af óslægðum laxi árlega. Um er að ræða stærsta fjárfestingarverkefni í sögu Samherja.

Gengið var frá eiginfjárframlagi hluthafa vegna fyrstu tveggja áfanga stöðvarinnar snemmsumars 2025 sem fólst í skráningu áskrifta vegna útgáfu nýs hlutafjár í Salmon Garden hf. nýstofnuðu móðurfélagi Samherja fiskeldis að fjárhæð 210 milljónir evra. Þessi fjárfesting gerði Samherja fiskeldi kleift að byggja

landeðisstöðina hraðar en áður hafði verið reiknað með og hóf félagið strax undirbúning hönnunar og framkvæmda á öðrum áfanga stöðvarinnar. Samhliða var lokið annarri fjármögnun í formi sambankalána og nemur heildarfjármögnun Eldisgarðs, sem gengið var frá á árinu, 320 milljónum evra eða jafnvirði rúmlega 45 milljarða króna. Eftir útgáfu nýs hlutafjár í mars 2026 á Samherji 61,5% eignarhlut í Samherja fiskeldi ehf. en átti tæplega 100% hlutafjár í félaginu í byrjun árs 2025.

Ég er afar þakklátur því trausti sem meðeigendur okkar hafa sýnt Samherja fiskeldi með fjárfestingu sinni í félaginu og uppbyggingu Eldisgarðs. Um 100 manns koma til með að starfa í landeðisstöðinni og verður meirihluti þeirra þekkingarstörf. Þá mun stöðin njóta fulltingis þeirra 120 starfsmanna og sérfræðinga sem þegar í dag starfa hjá Samherja fiskeldi.

Jarðvegsvinnu við Eldisgarð er lokið og hópur starfsfólks Samherja fiskeldis hefur flutt sínar starfsstöðvar á framkvæmdasvæðið. Núverandi áætlanir gera ráð fyrir að fyrsti áfangi stöðvarinnar verði tekinn í notkun á öðrum ársfjórðungi 2027.

REKSTUR 2025

Rekstur Samherja hf. gekk vel á árinu 2025. Tekjur samstæðunnar námu rúmlega 542 milljónum evra og hagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 73,9 milljónum evra og jókst um 12,5 milljónir evra milli ára. Hagnaður af rekstri (EBIT) var 50,4 milljónir evra samanborið við 42,4 milljónir evra árið áður og jókst því um tæplega 19% milli ára. Aukinn rekstrarhagnaður skýrist öðru fremur af háu afurðaverði á botnfiskmörkuðum og traustum undirliggjandi rekstri.

Fjárhagur félagsins stendur styrkum fótum. Eignir í lok árs námu 892,5 milljónum evra og eigið fé nam tæplega 677 milljónum evra. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok var 75,8%.

Veiðar og vinnsla gengu vel hjá Samherja á árinu. Ísfisktogarar félagsins lönduðu 26.691 tonni af fersku hráefni sem að langstærstu leyti var síðan unnið í fiskvinnslum félagsins á Eyjafjarðarsvæðinu. Samtals unnu fiskvinnslur félagsins úr 33.166 tonnum af botnfiskafurðum á árinu. Það hráefni sem ekki fékkst af skipum félagsins var keypt á markaði eða í beinum viðskiptum við þriðja aðila.



Uppsjávarskip Samherja lönduðu 51.287 tonnum af afla á árinu. Þar var uppsjávarskipið Vilhelm Þorsteinsson EA afladrjúgt með 45.994 tonn. Mest var landað af kolmunna eða 22.262 tonnum. Magn landaðs afla í uppsjávartegundum litast af því að uppsjávarskip félagsins veiddu enga loðnu annað árið í röð.

Rekstur Snæfells EA, sem er eini frystitogarinn í útgerð Samherja, gekk vel. Skipið landaði 4.681 tonni af frystum afurðum og var tæplega helmingurinn grálúða.

Samherji fiskeldi ehf. slátraði 3.140 tonnum af óslægðri bleikju og 2.669 tonnum af óslægðum laxi á árinu og hefur félagið aldrei framleitt jafn mikið af laxi á einu ári. Þar vegur þungt aukin framleiðslugeta í laxi vegna stækkunar Silfurstjörnnunnar í Öxarfirði. Ný vinnsla var tekin í notkun í júní 2025 og var hún lokaáfangi mikilla breytinga á stöðinni. Þar var um að ræða umtalsverðar fjárfestingar sem fólust í stækkun kerja, nýrri seiðastöð auk endurbóta og tölvuvæðingu á vinnslunni. Þetta verkefni heppnaðist afar vel og var ákveðinn prófsteinn fyrir þá tækni og þær framleiðsluaðferðir sem verða í Eldisgarði.

ÞORSKHNAKKAR Á MARKAÐ INNANLANDS

Í lok október 2025 setti Samherji á markað frosna þorskhnakka undir heitinu „Besti bitinn af þorskinum.“ Um er að ræða hágæðaafurð af þorski sem er veiddur á djúpslóð og unninn í vinnsluhúsum Samherja á Eyjafjarðarsvæðinu. Hverjum bita er pakkað sérstaklega í lofttæmdar umbúðir þannig að varan er einstaklega aðgengileg og hentug til matreiðslu hvort sem elda á einn bita eða fleiri. Þökkunin tryggir einnig gæði bitanna við geymslu og gerir mjög einfalt að þíða þá fyrir matseld.

Samhliða var ráðist í markaðssetningu hér innanlands til að kynna vöruna fyrir neytendum. Viðtökur voru afar góðar og það er ljóst að þessi vara, sem nú fæst í öllum helstu matvöruverslunum landsins, hefur unnið sér varanlegan sess. Þetta er þriðja afurðin sem Samherji markaðssetur undir eigin merkjum hér innanlands en áður höfðu afurðir úr landeldi Samherja fiskeldis, Landlax og Landbleikja, fest sig í sessi og njóta vaxandi vinsælda meðal neytenda.

SAMSTARF VIÐ HSI

Í nóvember var tilkynnt um samstarfssamning Samherja og Handknattleiks-sambands Íslands (HSÍ) og varð Samherji einn af helstu styrktaraðilum HSÍ og landsliðanna í handbolta. Samningurinn nær til landsliða karla og kvenna ásamt yngri landsliðum og felur í sér stuðning við uppbyggingu afreksstarfs og þróun handboltans um land allt. Merki Samherja er nú á keppnisbúningum allra landsliðanna og ráðist var í gerð auglýsinga fyrir „Besta bitann af þorskinum“ með leikmönnum kvenna- og karlalandsliðanna í handbolta. Hér er um að ræða mikilvægt samfélagsverkefni sem við hjá Samherja erum hreykin af.

TÍMAMÓT HJÁ SAMHERJA

Pau stórtíðindi urðu á árinu að tveir stofnendur félagsins létu af störfum. Í júní lét faðir minn, Þorsteinn Már Baldvinsson, af starfi forstjóra eftir að hafa stýrt félaginu í 42 ár eða frá stofnun þess árið 1983. Í nóvember tilkynnti Kristján Vilhelmsson, framkvæmdastjóri útgerðarsviðs Samherja, jafnframt þá ákvörðun sína að láta af störfum. Sjávarútvegur hefur verið ævistarf og ástríða þeirra beggja og náíð og gott samstarf þeirra myndaði kjölfestu í rekstri Samherja í gegnum áratugina. Þeir munu blessunarlega fylgja okkur áfram, þótt þeir hafi látið af störfum, en Kristján situr í stjórn Samherja hf. og Þorsteinn Már er stjórnarformaður Samherja fiskeldis ehf.

FJÁRFESTING Í BERG LIPIDTECH

Á síðari hluta ársins hóf Samherji viðræður um kaup á hlut í norska framleiðslufyrirtækinu Berg LipidTech AS í Álasundi. Félagið framleiðir lýsi fyrir heildsölumarkað, einkum úr þorskalifur og laxi, og selur afurðir sínar um allan heim. Kaup á 49% eignarhlut í félaginu voru fullfrágengin í lok árs 2025 og var tilkynnt um fjárfestinguna í byrjun árs 2026. Í kaupsamningnum er jafnframt kveðið á um forkaupsrétt Samherja á eftirstandandi hlutafé félagsins.

Berg LipidTech er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað 1993 og býr því að áratugareynslu í sinni grein. Félagið hefur fest sig í sessi sem áreiðanlegur birgji á heildsölumarkaði fyrir framleiðendur fæðubótarefnis. Við bindum miklar vonir við þessa fjárfestinguna sem mun skapa tækifæri til frekari fullvinnslu aukaafurða Samherja samhliða því að efla samkeppnishæfni Berg LipidTech í gegnum stöðugra framboð á gæðahráefni.

Það hefur verið keppikefli sjávarútvegsfyrirtækja að auka nýtingarhlutfall og verðmæti hráefnis með framleiðslu ýmissa aukaafurða. Það er markmið Samherja að hámarka nýtingu þess afla sem er dreginn að landi og hráefnis sem fellur til í fiskeldi og þróa sitt vöruframboð í samræmi við það. Í þessu felst einnig að skoða áhugaverð fjárfestingartækifæri sem gera okkur kleift að ná þessu markmiði. Fjárfestingin í Berg LipidTech er liður í þessari vegferð félagsins.

ÁBYRG FORGANGSRÖÐUN OG GAGNSÆ MIÐLUN UPPLÝSINGA

Sjávarútvegurinn er háður náttúrulegum sveiflum eins og veðri, stöðu fiskistofna og markaðsaðstæðum hverju sinni. Við lifum við þessar áskoranir og reiknum með þeim í okkar rekstri og áætlunum. Við hjá Samherja munum áfram leggja höfuðáherslu á sjálfbæra og ábyrga nýtingu fiskistofna, sjálfbært landeldi og uppbyggingu og tækniþróun með fjárfestingum með það fyrir augum að stuðla að áframhaldandi verðmætasköpun fyrir félagið, starfsfólk þess og samfélagið í heild.

Það er stefna Samherja að miðla opinberlega upplýsingum um starfsemi félagsins á greinargóðan og gagnsæjan hátt. Það er eindregin von mín að árs- og sjálfbærnisráðgjafar gefi glögga mynd af starfsemi og veiti okkar starfsfólki, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og öðrum haghöfum allar nauðsynlegar upplýsingar um áhrif félagsins og áherslur þegar umhverfi, samfélag og stjórnarhættir eru annars vegar.

Virðingarfyllt,



Baldvin Þorsteinsson
forstjóri Samherja hf.

1983



2024




Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristján Vilhelmsson, stofnendur Samherja hf., létu af störfum á árinu. Sjávarútvegur hefur verið ævistarf og ástríða beggja og náið samstarf þeirra hefur verið kjölfestan í rekstri Samherja alla tíð frá 1983.

ÁRIÐ Í HNOTSKURN




GREIND LOSUN
GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

54.503 tCO₂í




UPPSJÁVARAFLI

51.287 tonn




BOTNFISKAFLI

31.372 tonn




HEILDAREIGNIR

892,5 m€




FJÖLDI
STARFSMANNA

832¹



EIGINFJÁRHUTFALL

75,8%



TEKJUR

542 m€



EBITDA

73,9 m€



HAGNAÐUR ÁRSINS

58,6 m€

SAMSTÆÐAN




ALMENNT UM SAMHERJA

Samherji hf. er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi. Félagið er lóðrétt samþætt alhliða sjávarútvegsfyrirtæki sem stundar veiðar, vinnslu, fiskeldi á landi og sölu sjávarafurða undir eigin vörumerki til meira en fimmtíu landa í fjórum heimsálfum.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Samherja hf. og dótturfélögum þess. Veiðar og vinnsla fara fram í dótturfélaginu Samherja Íslandi ehf., fiskeldi á landi í Samherja fiskeldi ehf. og sölufélagið Ice Fresh Seafood ehf. annast sölu- og markaðssetningu afurða, bæði úr veiðum og landeldi, og er langstærstur hluti þeirra seldur á erlendum mörkuðum.

Samherji hf. er óskráð hlutafélag í einkaeigu og höfuðstöðvar félagsins eru á Glerárgötu 30, Akureyri. Öll starfsemi Samherja hf. er á Íslandi að því undanskildu að dótturfélagið Ice Fresh Seafood ehf. á 50% eignarhlut í félaginu Seagold Ltd. í Bretlandi og telst Seagold vera samstæðufélag í samstæðu Samherja hf. Ice Fresh Seafood á einnig dótturfélög í Frakklandi og á Spáni sem eru rekin undir sama nafni. Þá á Ice Fresh Seafood 50% eignarhlut í sölufélaginu Aquanor Marketing Inc. sem hefur höfuðstöðvar í Boston í Bandaríkjunum.




■ Eignarhaldsfélag ■ Aflögð starfsemi ■ Útgerð og landvinnsla ■ Landeldi ■ Sala og dreifing

STARFSSTÖÐVAR

Höfuðstöðvar Samherja hf. eru á Glerárgötu 30 á Akureyri og hafa verið nánast frá upphafi. Megnið af starfsemi fer fram á Eyjafjarðarsvæðinu. Fyrirtækið rekur fullkomin fiskvinnsluhús á Akureyri og á Dalvík og gerir út flota fiskiskipa allt árið. Þá starfrækir Samherji fiskþurrkun að Laugum í Reykjadal og á Dalvík.


Samherji fiskeldi ehf., dótturfélag Samherja, rekur sex fiskeldisstöðvar fyrir bleikju og lax víðs vegar um landið. Þar má nefna landeldisstöð Öxarfirði, tvær áframeldisstöðvar fyrir bleikju á Suðurnesjum og eina fullkomnustu bleikjuvinnslu heims í Sandgerði.

Samherji hefur um margra ára skeið rekið skrifstofu á höfuðborgarsvæðinu. Undanfarinn áratug var hún í turninum á Höfðatorgi að Katrínartúni 2 en í byrjun árs 2026 flutti skrifstofan að Hagasmára 1 (Smáralind) í Kópavogi.



Starfsstöðvar ÚA við Fiskitanga á Akureyri.

SKIPURIT



Frá skrifstofu Samherja á Akureyri.

STJÓRN

Stjórn Samherja hf. fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ræður forstjóra sem stýrir daglegum rekstri og sækir umboð sitt til stjórnar.

Stjórnarmenn eru tilnefndir af hluthöfum félagsins og kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Við tilnefningar stjórnarmanna er sérstaklega horft til menntunar þeirra, reynslu og þekkingar á starfssviðum félagsins. Þá er þess gætt að bæði konur og karlar sitji í stjórninni.

Stjórn Samherja hf. starfar eftir staðfestum starfsreglum stjórnar þar sem hlutverk, verkefni og skyldur stjórnarmanna eru skilgreind. Í reglunum eru sérstök ákvæði um hagsmunaárekstra og vanhæfi. Upplýsingum um mikilvæg stjórnarmálefni er miðlað til stjórnar af forstjóra, og eftir atvikum öðrum stjórnendum, eins oft og tilefni er til. Stjórnin fundar eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en sex sinnum á ári samkvæmt starfsreglum stjórnar. Stjórnarfundi sitja, auk stjórnarmanna, forstjóri, fjármálastjóri og ritari stjórnar.

Á aðalfundi Samherja hf. hinn 21. maí 2026 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Eva Bryndís Helgadóttir, Jón Sigurðsson, sem er stjórnarformaður, Dagný Linda Kristjánsdóttir, varaformaður stjórnar, Kristján Vilhelmsson og Óskar Magnússon. Stjórnarmenn hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og fjölbreytta menntun að baki. Enginn stjórnarmanna gegnir stjórnendastöðu hjá félaginu.



Stjórn og forstjóri Samherja hf. Frá vinstri: Kristján Vilhelmsson, Eva Bryndís Helgadóttir, Jón Sigurðsson, formaður stjórnar, Dagný Linda Kristjánsdóttir, Óskar Magnússon og Baldvin Þorsteinsson, forstjóri.

UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR

ENDURSKOÐUNARNEFND

Í byrjun árs 2021 tóku breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga gildi og í kjölfarið voru félög innan samstæðunnar skilgreindar sem einingar tengdar almannahagsmunum. Í samræmi við framangreindar lagabreytingar skipaði stjórn endurskoðunarnefnd á árinu 2021. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Jafnframt hefur endurskoðunarnefnd eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins og setur fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og endurskoðunarfyrtæki.

Í endurskoðunarnefnd Samherja hf. sitja Birkir Leósson löggiltur endurskoðandi, sem er formaður nefndarinnar, Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Samherja hf. og Ásta Dís Óladóttir, stjórnarmaður í Samherja hf.

HLÍTINGARNEFND

Hlítingarnefnd Samherja hf. tók til starfa á árinu 2021 og er undirnefnd stjórnar. Hlítingarnefnd hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón með regluvörslu og stjórnarháttum innan samstæðu Samherja. Í nefndinni sitja stjórnarmennirnir Dagný Linda Kristjánsdóttir og Óskar Magnússon ásamt Eiríki S. Jóhannssyni, sem er formaður nefndarinnar. Dagleg umsjón regluvörslu og stjórnarháttanna er í höndum regluvarðar sem hefur eftirlit með því að hlítingarkerfi og stefnur á sviði stjórnarháttanna endurspegli skuldbindingar og þarfir félagsins hverju sinni.




Frá skrifstofu Samherja í Kópavogi.

EIGENDUR

Hluthafar Samherja hf.	Nafnverð	Hlutdeild í flokki	Heildar hlutdeild
Hluthafar í A flokki			
K&B ehf	114.613.943	50,0%	48,29%
Dagný Linda Kristjánsdóttir	21.986.523	9,6%	9,26%
Katrín Kristjánsdóttir	21.986.523	9,6%	9,26%
Kristján Bjarni Kristjánsson	21.986.523	9,6%	9,26%
Halldór Örn Kristjánsson	21.986.523	9,6%	9,26%
Anders ehf.	19.520.984	8,5%	8,22%
Kolbrún Ingólfssdóttir	2.933.401	1,3%	1,24%
Kristján V. Vilhelmsson	2.888.483	1,3%	1,22%
Rakel Olsen	833.473	0,4%	0,35%
Aðrir hluthafar	382.596	0,2%	0,16%
Samtals hlutafé í A flokki	229.118.972	100,0%	96,52%
Hluthafar í B flokki			
Oddeyrartangi ehf.	4.500.000	54,5%	2%
Oddeyri ehf.	3.750.000	45,5%	2%
Samtals hlutafé í B flokki	8.250.000	100,0%	3,48%
Samtals hlutafé í A og B flokki	237.368.972		100%

Endanlegir eigendur yfir 10%:		Eignarhaldsfélag
Baldvin Þorsteinsson	24,5%	K&B ehf
Katla Þorsteinsdóttir	24,5%	K&B ehf
Dagný Linda Kristjánsdóttir	11,7%	Anders ehf.
Katrín Kristjánsdóttir	11,7%	Anders ehf.
Kristján Bjarni Kristjánsson	11,7%	Anders ehf.
Halldór Örn Kristjánsson	11,7%	Anders ehf.
	95,9%	



Kaldbakur EA 1 við höfnina á Akureyri.



VIRÐISKEÐJA

Sem lóðrétt samþætt sjávarútvegsfyrirtæki hefur Samherji stjórn á helstu þáttum virðiskeðjunnar frá veiðum til viðskiptavina. Helstu birgjar fyrirtækisins eru eldsneytisframleiðendur, umbúðaframleiðendur, framleiðendur veiðarfæra, skipasmíðastöðvar, þjónustufyrirtæki sem sinna viðhaldi skipa, tækjaframleiðendur sem þróa og hanna vélbúnað og tæki um borð í skipum og vinnsluhúsum, og hugbúnaðarframleiðendur. Samherji hefur lagt áherslu á að kaupa vörur og þjónustu af birgjum í sínu nærsamfélagi og þá einkum á Eyjafjarðarsvæðinu.

Ísfisktogarinn Björg EA 7 í Eyjafirði.

FJÁRHAGUR



REKSTUR 2025

Rekstrartekjur Samherja hf. á árinu 2025 námu 542 milljónum evra samanborið við 442,9 milljónir evra árið áður. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 73,9 milljónir evra eða 13,6% af rekstrartekjum en var 61,4 milljónir evra árið áður eða 13,8% af rekstrartekjum þess árs.

Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 16,3 milljónir evra en voru 11,7 milljónir evra árið áður.

Hagnaður fyrir tekjuskatt var 69 milljónir evra en var 56 milljónir evra árið áður. Gjaldfærður tekjuskattur var 10,4 milljónir evra en var 10,3 milljónir evra árið á undan. Hagnaður ársins 2025 var því 58,6 milljónir evra en var 45,6 milljónir evra á árinu 2024.

Ársreikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga auk hlutdeildar þess í samrekstrarfélögum. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

[Ársreikningur Samherja hf. 2025 - PDF](#)

REKSTRARREIKNINGUR 2025

(þús. €)

	2025	2024
Seldar vörur	542.030	442.964
Kostnaðarverð seldra vara	(454.716)	(367.891)
Vergur hagnaður	87.314	75.073
Aðrar rekstrartekjur	2.279	1.960
Annar rekstrarkostnaður	(15.683)	(15.614)
Hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar	73.910	61.419
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(2)	2.108
Afskriftir	(23.494)	(21.123)
Rekstrarhagnaður	50.414	42.403
Vaxtatekjur	3.958	4.194
Vaxtagjöld	(5.858)	(6.500)
Gengismunur	4.173	4.215
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6	8
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	2.279	1.917
Áhrif hlutdeildarfélaganna	16.319	11.728
Hagnaður fyrir skatta	69.011	56.048
Tekjuskattur	(10.411)	(10.252)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	58.601	45.796
Afkoma af aflagðri starfsemi	0	(166)
Hagnaður ársins	58.601	45.630
Skipting hagnaðar		
Hluthafar móðurfélags	56.866	44.703
Hlutdeild minnihluta í dótturfélögum	1.735	927
Hagnaður ársins	58.601	45.630



Uppsjávarskipið Vilhelm Þorsteinsson EA 11.

EFNAHAGSREIKNINGUR 2025

(þús. €)

	31.12.2025	31.12.2024
Eignir		
Óefnislegar eignir	151.153	151.730
Rekstrarfjármunir	295.535	259.257
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	185.617	183.996
Eignarhlutar í öðrum félögum	254	269
Vaxtaberandi kröfur	106	761
Lífrænar eignir	2.922	1.421
Skatteign	684	239
Fastafjármunir	636.271	597.673
Eignir í aflagðri starfsemi	0	16
Vaxtaberandi kröfur	412	57
Lífrænar eignir	17.793	16.127
Birgðir	46.885	37.454
Viðskiptakröfur	55.812	63.930
Aðrar skammtímakröfur	18.174	10.088
Handbært fé	117.129	76.824
Veltufjármunir	256.205	204.496
Eignir samtals	892.476	802.169
Eigið fé		
Hlutfé	2.594	2.594
Bundið eigið fé	267.102	264.509
Óráðstafað eigið fé	357.279	310.588
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	626.976	577.691
Hlutdeild minnihluta	49.869	1.063
Eigið fé samtals	676.845	578.754
Skuldir		
Vaxtaberandi skuldir	86.486	91.355
Tekjuskattsskuldbinding	38.489	36.411
Langtímaskuldir	124.976	127.765
Vaxtaberandi skuldir	8.288	11.654
Ógreiddir reiknaðir skattar	13.646	12.749
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	68.721	71.247
Skammtímaskuldir	90.655	95.650
Skuldir samtals	215.631	223.415
Eigið fé og skuldir samtals	892.476	802.169


SJÓÐSSTREYMI 2025

(þús. €)


	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	58.601	45.796
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Áfallið vegna kaupréttarsamninga	385	0
Sölu(hagnaður) tap rekstrarfjármuna	2	(2.112)
Afskriftir	23.494	21.124
Áhrif hlutdeildarféлага	(16.319)	(11.728)
Gengismunur langtímaskulda og -krafna	(2.742)	1.154
Gengismunur af handbæru fé	2.008	(1.765)
Tekjuskattsskuldbinding	1.707	(81)
Veltufé frá rekstri	67.137	52.387
Birgðir og lífrænar eignir, (hækkun)	(13.555)	(877)
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)	(783)	(21.272)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun	(2.113)	25.304
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(16.451)	3.155
Handbært fé frá rekstri af áframhaldandi starfsemi	50.686	55.543
Afkoma af aflagðri starfsemi	0	(166)
Rekstrarliðir í aflagðri starfsemi sem ekki hafa áhrif	0	239
Aðrar rekstrarhreyfingar af aflagðri starfsemi	0	(28)
Handbært fé frá rekstri	50.686	55.589
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(58.664)	(31.444)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	378	3.561
Fjárfesting í dóttur- og samrekstrarfélögum	(5.935)	(5.935)
Mótttekinn arður	4.901	6.456
Fjárfesting í öðrum félögum	0	(107)
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum	0	56
Vaxtaberandi kröfur, breyting	288	(56)
Fjárfestingahreyfingar af áframhaldandi starfsemi	(59.032)	(27.469)
Fjárfestingahreyfingar í aflagðri starfsemi	16	749
	(59.016)	(26.721)

TÖLULEGT YFIRLIT – SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR


REKSTRARTEKJUR milljónir evra




EBITDA milljónir evra




HAGNAÐUR FYRIR TEKJUSKATT milljónir evra



HAGNAÐUR ÁRSINS milljónir evra



EIGIÐ FÉ milljónir evra



VEIÐAR OG VINNSLA



SAMHERJI ÍSLAND EHF.

Samherji Ísland ehf., dótturfélag Samherja, stundar veiðar og vinnslu á villtum tegundum. Félagið rekur öflugan flota sjö fiskiskipa og er þar um að ræða fjóra ísfisktogara, tvö uppsjávarskip og einn frystitogara. Þá á félagið og rekur tæknilega vel búnar landvinnslur á Akureyri og Dalvík.

Samherji hefur frá öndverðu lagt ríka áherslu á innleiðingu tæknilausna á sviði veiða og vinnslu með það fyrir augum að verja samkeppnishæfni félagsins og gera því kleift að geta boðið viðskiptavinum sínum upp á hágæðaafurðir. Þessi stefna endurspeglast í reglulegri endurnýjun fiskiskipa og fjárfestingu í nýjum tæknilausnum í vinnsluhúsum. Mörg þeirra tækja sem eru í notkun í vinnsluhúsum Samherja á Dalvík og Akureyri eru afrakstur rannsókna og þróunar Samherja og íslenskra hátækni- og nýsköpunarfyrirtækja. Í mörgum tilvikum er um að ræða lausnir sem voru þróaðar í samstarfi við Samherja, smíðaðar á Íslandi, fyrst teknar í notkun í vinnsluhúsum Samherja og síðan seldar til erlendra sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum.

Ragnheiður Rut Friðgeirsdóttir í vinnsluhúsi Samherja á Dalvík.



SKIPAFLOTI SAMHERJA 2025

4 ísfisktogarar 2 uppsjávarskip 1 frystitogari

BJÖRG EA 7

ÍSFISKTOGARI



Smíðarár: 2017
Lengd: 58 metrar
Aflaverðmæti: 2,5 ma.kr.

BJÖRGÚLFUR EA 312

ÍSFISKTOGARI



Smíðarár: 2017
Lengd: 58 metrar
Aflaverðmæti: 2,6 ma.kr.

HARÐBAKUR EA 3

ÍSFISKTOGARI



Smíðarár: 2018
Lengd: 29 metrar
Aflaverðmæti: 1,6 ma.kr.

KALDBAKUR EA 1

ÍSFISKTOGARI



Smíðarár: 2017
Lengd: 58 metrar
Aflaverðmæti: 2,6 ma.kr.

VILHELM ÞORSTEINSSON EA 11

UPPSJÁVARSKIP



Smíðarár: 2021
Lengd: 89 metrar
Aflaverðmæti: 3,2 ma.kr.

MARGRÉT EA 710

UPPSJÁVARSKIP



Smíðarár: 2007
Lengd: 7,2 metrar
Aflaverðmæti: 0,7 ma.kr.

SNÆFELL EA 310


FRYSTITOGARI



Smíðarár: 1994
Lengd: 86 metrar
Aflaverðmæti: 3 ma.kr.

HLUTDEILD Í TEGUNDUM

BOTNFISKUR




UPPSJÁVARFISKUR




AFLI ÍSFISKTOGARA

SKIPTING MILLI TEGUNDA 2023–2025



SKIPTING MILLI ÍSFISKTOGARA 2023–2025




Skip Samherja veiða einkum uppsjávartegundir og botnfisktegundir. Helstu sóknartegundir í botnfiski eru þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi og grálúða. Í uppsjávartegundum eru sóknartegundirnar síld, loðna, makrill og kolmunni. Aflahlutdeild Samherja Íslands ehf. hefur haldist að mestu óbreytt undanfarin ár.

Afli ísfisktogara félagsins dróst saman um rúmlega 1.500 tonn milli árana 2025 og 2024 vegna skerðinga í aflaheimildum botnfisktegunda fiskveiðiárið 2025–2026.


UPPSJÁVARVEIÐAR

SKIPTING MILLI TEGUNDA 2023–2025



Loðnuvertíð ársins 2025 var mjög stutt og stundaði Samherji engar loðnuveiðar á árinu. Árið þar á undan var engin loðnuvertíð á Íslandi og því hafa uppsjávarskip félagsins ekki veitt loðnu frá árinu 2023. Afli í makríl jókst milli ára einkum vegna

SKIPTING MILLI UPPSJÁVARSKIPA




góðs gengis á makrílvertíðinni. Afli í kolmunna dróst saman um rúmlega 6.000 tonn frá árinu á undan og skýrist það einkum af því að á árinu 2024 fengust aflaheimildir í kolmunna í skiptum fyrir heimildir í öðrum tegundum.



Um borð í Vilhelm Þorsteinssyni EA 11.

FRYSTITOGARI

SKIPTING MILLI TEGUNDA 2023–2025




Rekstur frystitogarans Snæfells EA 310 gekk vel á árinu 2025 og landaði hann 4.681 tonni af afurðum í tíu veiðiferðum samanborið við rúmlega 5.044 tonn í tíu veiðiferðum árið á undan. Snæfell framleiðir heilfrystar afurðir um borð og eru grálúða og karfi helstu sóknartegundir skipsins. Grálúða var tæplega helmingur af aflanum og voru markaðir fyrir grálúðu hagfelldir líkt og þeir hafa verið undanfarin ár.

Áhöfnin á Snæfelli EA 310.




VINNSLA HRÁEFNIS

MÓTTAKA HRÁEFNIS 2025




Í landvinnslum Samherja eru framleiddar fjölbreyttar afurðir, ýmist ferskar og frystar. Áhersla er lögð á að hámarka nýtingu á hverjum fisk sem kemur inn til vinnslu. Á síðasta ári tóku landvinnslur Samherja á móti 33.166 tonnum af hráefni og unnu úr þeim 15.698 tonn af afurðum sem er 1.319 tonnum minna en árið á undan. Hlutfall ferskra afurða jókst lítillega á milli ára.

HRÁEFNI EFTIR TEGUND OG UPPRUNA 2025



Stór hluti hráefnis kom frá skipum félagsins eða tæplega tveir þriðju af heildarmagninu. Annað hráefni var keypt á fiskmarkaðum og í beinum viðskiptum við þriðja aðila.

FRAMLEIÐSLA 2022-2025



Framleitt magn þorskafurða í landvinnslum hélst nær óbreytt milli ára. Í öðrum botnfisktegundum varð minniháttar samdráttur í unnum afurðum úr ýsu og ufsa. Sem fyrr er langmest unnið af þorskafurðum í vinnslunum eða tæplega 69% af heildinni. Aðeins voru unnin sextán tonn af afurðum úr karfa á árinu.

ÞRÓA NÝJAR TÆKNILAUSNIR OG SMÍÐA VARAHLUTI Á STAÐNUM

Hjá landvinnslu Samherja hafa verið þróaðar lausnir til að bæta skilvirkni og áreiðanleika búnaðar sem notaður er í vinnsluhúsunum. Þá hafa verið smíðuð tæki frá grunni sem hafa verið hönnuð og teiknuð af starfsmönnum Samherja. Landvinnslur á Akureyri og Dalvík eru að hluta til orðnar sjálfbærar með varahluti því þeir eru einfaldlega prentaðir með þrívíddarprentara á staðnum.

Hátæknivinnsluhús Samherja á Dalvík var tekið í notkun hinn 14. ágúst 2020 og er ein fullkomnasta botnfiskvinnsla í heiminum. Tækin í húsinu voru þróuð af íslenskum hátækni- og nýsköpunarfyrirtækjum í samstarfi við Samherja. Þar má nefna Völku sem síðar rann inn í Marel, Vélfag, Samey, Frost, Raftákn o.fl. En það hefur líka átt sér stað nýsköpun innanhúss þar sem starfsfólk í tækniteymi landvinnslu Samherja hefur þróað ýmsar lausnir frá grunni sem hafa síðan verið smíðaðar á staðnum og teknar í notkun með góðum árangri.

PLASTFILMUVÉL, RÓBOT VIÐ ÞVOTTAVÉL OG MARNINGSKERFI

Ein af þeim tæknilausnum sem var þróuð, hönnuð og smíðuð af starfsfólki tækniteymis landvinnslu Samherja er plastfilmuvél sem leggur plast ofan í alla kassa með ferskum fiski. „Svona vél var til staðar hjá okkur en áreiðanleiki hennar var ekki meiri en svo að starfsfólk okkar þurfti að hafa eftirlit með öllum kössum þegar vélin var að setja plastfilmurnar í kassana. Við endurhönnuðum þessa vél með íhlutum sem við sáum á sýningu erlendis og aukabúnaður var síðan teiknaður og prentaður í þrívíddarprentara á Dalvík,“ segir Atli Dagsson, tæknistjóri landvinnslu Samherja.

Atli segir að starfsfólk teymisins hafi einnig smíðað sambærilega vél sem tekur frosnar mottur úr geli og leggur í þessa kassa með ferskum afurðum. Þá nefnir hann búnað sem skammtar þurrís ofan í kassana.



Atli Dagsson, tæknistjóri landvinnslu Samherja.



Tækniteymi landvinnslu Samherja þróaði lausn sem setur plastfilmur ofan í öskjur með afurðum áður en þeim er lokað.



Frá vinnsluhúsi Samherja á Dalvík.

Hér má einnig nefna róbota við þvottavél í landvinnslunni á Akureyri sem þvær bakka sem notaðir eru í vinnslunni. „Sú útfærsla var hönnuð af vinnslu- og tæknifólki þar ásamt Raftákni á Akureyri sem forritaði róbótann. Kerfið virkar þannig að stæður af óhreinum fiskbökkum eru settar við róbótann og hann tekur svo einn og einn kassa og setur í vélinu og tekur þá hreina út hinu megin og staflar þeim upp,“ segir Atli.


Í vinnsluhúsinu á Dalvík er sérstakt marningskerfi sem sinnir verkefnum sem þrír til fjórir starfsmenn sinntu áður. Þetta kerfi var hannað og teiknað á staðnum en Micro ehf. smíðaði kerfið að hluta til og útfærði sérstaka vél sem fyllir í öskjur. „Þetta kerfi fyllir sjálfkrafa í öskjur sem fara í frystingu og þvær og flytur síðan þar til gerða ramma sem öskjurnar eru í til baka í áfyllingu að nýju.“

Atli nefnir að lokum klippur sem klippa sundur frosnar fiskblokkir.

VARAHLUTIR PRENTAÐIR Í ÞRÍVÍDDARPRENTARA

Atli segir að þrívíddarprentarar gegni í dag mjög veigamiklu hlutverki í landvinnslum Samherja því stundum geti starfsfólk ekki fengið tiltekna varahluti og þá séu þeir einfaldlega smíðaðir í þessum prenturum.

„Samherji er með þrívíddarprentara bæði á Dalvík og Akureyri sem prenta út hluti í mismunandi tegundum plasts. Þessi tæki prenta út alls konar hluti sem oft á tíðum fást ekki frá framleiðendum með skömmum fyrirvara. Í flestum tilvikum teiknum við sjálf viðkomandi hlut sem er síðan prentaður út á staðnum. Þróunin í þrívíddarprenturum er hröð og notkunin á örugglega eftir að aukast enn frekar. Í raun er hægt að prenta út hvað sem er í þessum tækjum en búnaðurinn kallar líka á sérhæfða þekkingu, sem góðu heilli er til staðar hjá okkur,“ segir Atli Dagsson.



Ef tilteknir varahlutir fást ekki með skömmum fyrirvara eru þeir teiknaðir og prentaðir út á staðnum í þrívíddarprentara.

„BESTI BITINN AF ÞORSKINUM“

Í nóvember 2025 setti Samherji á markað eigin framleiðslu af frosnum þorskhnökkum undir vörueitinu „Besti bitinn af þorskinum.“ Hér er um að ræða hágæðaafurð af þorski sem er veiddur á djúpslóð af ísfisktogurum félagsins og unninn í hátæknivinnslum þess á Akureyri og Dalvík.

Hverjum bita er pakkað sérstaklega í lofttæmdar umbúðir þannig að varan er einstaklega aðgengileg og hentug til matreiðslu hvort sem elda á einn bita eða fleiri. Þökkunin tryggir einnig gæði bitanna við geymslu og gerir uppþíðingu mjög einfalda. Almennt er viðurkennt að hnakkinn sé besti bitinn af þorskinum enda er

hann þykkasti og safaríkasti hluti fisksins og er heiti vörunnar tilvísun til þess.

Um leið og sala hófst á vörunni var ráðist í markaðs- og auglýsingaherferð til að kynna vöruna innanlands og vefsíðan www.bestibitinn.is var sett í loftið. Til að byrja með var hægt að nálgast „Besta bitann“ í verslunum Bónus, Krónunnar og Hagkaups en fljótlega bættust aðrar verslanir við og má þar nefna Nettó og Fjarðarkaup. Viðtökur neytenda hafa verið almennt góðar og sala á vörunni hefur farið vaxandi.



Frá vörukynningu fyrir „Besta bitann af þorskinum,“ í verslun Bónus á Norðurtorgi, Akureyri.



LANDELDI



SAMHERJI FISKELDI EHF.

Landeldi Samherja er rekið í dótturfélaginu Samherja fiskeldi ehf. sem hefur stundað landeldi með góðum árangri í rúma tvo áratugi. Félagið rekur sex landeldisstöðvar fyrir bleikju og lax á öllum stigum víða um landið, allt frá hrognum til vinnslu og pökkunar á fullunninni afurð. Samherji fiskeldi ehf. er í dag stærsti bleikjuframleiðandi í heimi með um 30% markaðshlutdeild í bleikjuafurðum og þá rekur félagið sérhæfða bleikjuvinnslu í Sandgerði.

Landeldisstöðvar Samherja nýta græna orku; jarðvarma, jarðsjó og borholuvatn, ýmist ferskt eða ísalt, við framleiðslu á hágæða eldisafurðum. Þar sem eldið fer fram í kerjum á landi er hægt að hafa góða stjórn á öllum stigum framleiðslunnar. Nákvæmlega er fylgst með súrefni, seltumagni, þéttleika, sýrustigi og hitastigi í kerjunum með það fyrir augum að tryggja bestu mögulegu aðstæður fyrir fiskinn. Allar eldisstöðvarnar eru með gegnumstreymiskerfi og er vatni og sjó af mismunandi seltu og hita dælt úr sjódrenum, borholum og brunnum við stöðvarnar. Frárennsli rennur ýmist í sjó eða nærliggjandi ár, þar sem frárennslið rennur í ár fer það fyrst í gegnum hreinsun.

Engin veruleg áhrif hafa mælst á vatnsból vegna vatnstöku fiskeldisins. Markmiðið er að stunda sjálfbært og umhverfisvænt fiskeldi, lágmarka kolefnisfótspor og starfa í sátt við samfélagið. Hætta á slysasleppingum er lítil í landeldi og laxalús þekkt ekki.

Samherji fiskeldi er með ASC umhverfisvottun fyrir landeldi á bleikju. Í því felst að allar bleikjuafurðir félagsins bera slíka vottun. Um er að ræða vottun sem er sú kröfuharðasta á sviði fiskeldis.



Frá eldisstöð Samherja fiskeldis ehf. að Stað í Grindavík.

ELDISGARÐUR

Í október 2024 hófust framkvæmdir við Eldisgarð, nýja landeldisstöð Samherja fiskeldis fyrir lax, í auðlindagarði HS Orku við Reykjanesvirkjun. Eldisgarður verður byggður í þremur áföngum. Fullbyggð mun landeldisstöðin framleiða 36.000 tonn af óslægðum laxi árlega sem jafngildir 30.000 slægðum tonnum. Heildarfjárfesting í stöðinni hleypur á tugum milljarða króna. Eitt hundrað ný störf verða til í stöðinni og annar eins fjöldi afleiddra starfa.

Jarðvinna við Eldisgarð hófst í október 2024 og steypuvinna í september 2025. Fyrstu eldistankarnir risu í maí 2026 og í kjölfarið hófst vinna við að reisa stálvirki stöðvarinnar.

Helgi Leifsson, verkfræðingur hjá Samherja fiskeldi ehf., stýrir framkvæmdum á svæðinu. „Innsetning tækjabúnaðar mun hefjast eftir sumarfrí og mun standa yfir í um það bil sextán mánuði eða þangað til bygging sem hýsir áframeldi verður tilbúin til fullrar notkunar. Mannafli á verkstaðnum er nú um sjötíu manns en við gerum ráð fyrir hraðri fjölgun þeirra eftir því sem fleiri verkþættir hefjast og fleiri verktakar koma að framkvæmdunum,“ segir Helgi.


Vinnu- og gistaðstaða fyrir starfsfólk og verktaka, ásamt mótuneyti, var tekin í notkun eftir páska 2026 og styður hún við aukna starfsemi á svæðinu. Framkvæmdir við fyrstu stoðbygginguna hófust í maí 2026 og munu aðrar stoðbyggingar fylgja í kjölfarið. Unnið er eftir þeirri áætlun að fyrsti áfangi Eldisgarðs verði tekinn í notkun, með fisk í fyrstu kerjum, á öðrum ársfjórðungi 2027.

Framkvæmdasvæði Eldisgarðs í mars 2026.




VINNSLA ELDISAFURÐA

SKIPTING BLEIKJUAFURÐA 2025



LANDELDI – FRAMLEITT MAGN AF ÓSLÆGÐUM FISKI Í TONNUM EFTIR TEGUNDUM 2010–2025



Á síðustu árum hefur Samherji fiskeldi ehf. fjárfest mikið í núverandi eldisstöðvum og hefur framleiðslan í þeim aukist í kjölfar stækkunar. Þar vegur þungt stækkun Silfurstjörnnunnar sem fjallað er um hér aftar. Aukin framleiðslugeta stöðvarinnar sést glögglega í súluriti yfir framleitt magn þar sem hlutfall afurða úr laxi jókst talsvert milli árana 2024 og 2025. Í dag framleiðir Samherji fiskeldi tæplega sex þúsund tonn af óslægðum eldisafurðum á ári.

Frá bleikjuvinnslu Samherja fiskeldis í Sandgerði. Samherji fiskeldi er stærsti framleiðandi eldisbleikju í heiminum með um 30% markaðshlutdeild.



HEFUR STARFAÐ HJÁ SILFURSTJÖRNUNNI Í 37 ÁR

Silfurstjarnan, landeldi Samherja fiskeldis ehf. í Öxarfirði, hefur frá upphafi verið burðarás atvinnulífsins á svæðinu. Silfurstjarnan var stofnuð 1988 og var í fyrstu í eigu heimamanna. Um aldamótin síðustu fjárfesti Samherji í félaginu og eignaðist 45% hlut í því árið 2001. Síðar eignaðist félagið Silfurstjörnuna að fullu og færðist eignarhluturinn undir Samherja fiskeldi.

Olga Gísladóttir, verkstjóri í vinnsluhúsi og gæðastjóri Silfurstjörnunnar, hefur starfað við landeldisstöðina nánast frá upphafi en hún hóf störf 19. júní 1989.

Olga segir að reksturinn hafi verið þungur lengi vel. „Þegar Samherji kom inn í reksturinn upp úr aldamótum urðu viss straumhvörf, enda höfðu nýir eigendur fulla trú á landeldi og settu fjármagn í uppbyggingu stöðvarinnar. Ég held að aðkoma Samherja hafi verið gæfuspor Silfurstjörnunnar og þar með atvinnulífsins á svæðinu.“

Á fyrstu árum Silfurstjörnunnar var fjöldi fisktegunda alinn þar en síðustu áratuginu hefur eingöngu verið stundað landeldi og slátrun á laxi. Á síðustu árum hefur Samherji fiskeldi ráðist í miklar fjárfestingar við Silfurstjörnuna sem fólust í stækkun stöðvarinnar og innleiðingu á nýrri tækni. Heildarfjárfesting vegna þessa nemur rúmlega fjórum milljörðum króna frá árinu 2023. Byggð voru ný eldisker sem eru tvöfalt stærri að umfangi en kerin sem fyrir voru. Þá var sjótaka aukin til muna, sett upp ný hreinsitæki, auk þess sem stoðkerfi og margvíslegur tækjabúnaður var endurnýjaður. Nýtt seiðahús var tekið í notkun á árinu 2024 og á árinu 2025 hófst starfsemi í nýju vinnsluhúsi sem er tæknilega vel búið á allan hátt. Stækkun stöðvarinnar er nú lokið og verður sama aðferðafræði, búnaður og tækni innleidd á margfalt stærri skala í Eldisgarði, nýrri landeldisstöð fyrir lax, sem Samherji fiskeldi byggir nú á Reykjanesi.

Olga segir stækkunina hafa heppnast vel. „Í júní næstkomandi verður eitt ár liðið frá því þetta var klárað. Þetta kemur mjög vel út. Þessi tölvuvæðing vinnslunnar er mjög þægileg. Ég var dálítið smeyk við þessa nýju tækni fyrst, enda er ég fædd um miðja síðustu öld. En þetta hefur gengið ótrúlega vel og mér finnst ég vera komin mjög vel inn í þetta. Vinnslan gengur hraðar núna og allir hafa náð góðum tókum á tækninni. Þannig að framtíðin er björt hjá okkur í Silfurstjörnunni.“



Olga Gísladóttir með lax sem bíður slátrunar. Hún hóf störf í Silfurstjörnunni 19. júní 1989.

Olga segir mikilvægi Silfurstjörnunnar fyrir samfélagið í Öxarfirði ótvírætt. „Ég held að það væri ekki skóli í Öxarfirði ef Silfurstjörnunni nyti ekki við því það eru svo margar fjölskyldur þar sem foreldrarnir vinna í stöðinni. Þetta er stærsti vinnustaðurinn á svæðinu með fjörutíu starfsmenn. Það eru sex pör, hjón og sambúðarfólk, sem vinna hjá okkur. Þau hafa keypt fasteignir á Kópaskeri og víðar

á svæðinu og eiga börn í Öxarfjarðarskóla. Ég veit ekki hvernig þetta samfélag væri ef landeldi nyti ekki við hér.“

UMHVERFI



ALMENNT

Þessi kafli skýrslunnar er helgaður umfjöllun um umhverfið. Samherji leitast við að lágmarka neikvæð áhrif sín á umhverfið og hefur sett sér sérstaka stefnu á sviði umhverfismála sem er hluti af stjórnarháttum félagsins. Meginstoðir umhverfisstefnunnar eru sjálfbærni, orkugæmni, fullnýting og endurvinnsla.

Olíunotkun á skipum í útgerð er langveigamesti einstaki áhrifaþátturinn í rekstrinum þegar umhverfið er annars vegar og nær öll losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 er vegna olíunotkunar á skipum. Samherji hefur um margra ára skeið leitast við að lágmarka þessi áhrif með endurnýjun skipakosts og fjárfestingu í sparneytnari skipum. Þá hefur félagið haft til skoðunar að nýta aðra orkugjafa en olíu og má þar nefna rafeldsneyti eins og e-ammoníak og e-metanól, og tekið þátt í þróunar- og umbreytingarverkefnum á því sviði.

Olíunotkun íslenska fiskiskipaflotans hefur dregist mikið saman á undanförunum tveimur áratugum vegna fjárfestinga í nýrri skipum sem eru sparneytnari. Hér má líka nefna aðra tækniþróun eins og ný og öflugri fiskileitartæki sem auka hagkvæmni við veiðar og draga úr olíunotkun. Samherji hefur frá fyrstu tíð verið leiðandi við innleiðingu á tækninýjungum á sviði veiða og vinnslu og hefur lagt sín lóð á vogarskálar til að minnka olíunotkun og þar með kolefnisspor íslensks sjávarútvegs. Engu að síður eru fiskiskip háð olíu sem orkugjafa og líklega verða ekki stigin stór skref í samdrætti við losun gróðurhúsalofttegunda við veiðar fyrir en með stöðugu framboði af nýjum kolefnisfríum eldsneytistegundum á samkeppnishæfu verði og nýjum vélum sem ganga fyrir þeim.

SJÁLFBÆRNIMARKMIÐ SAMHERJA



Minni olíunotkun og minna kolefnisspor

Það er markmið Samherja að draga úr olíunotkun eins og hægt er, auka hagkvæmni í orkunýtingu og minnka losun gróðurhúsalofttegunda.



Sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi á landi

Samherji stundar sjálfbærar og ábyrgar fiskveiðar og sjálfbært, umhverfisvænt fiskeldi á landi.



Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Það er markmið Samherja að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni á þeim svæðum sem félagið starfar.



Minni úrgangur og meiri endurvinnsla

Það er markmið Samherja að lágmarka sóun í rekstrinum, forðast urðun úrgangs og auka vægi endurvinnslu.



Öryggi og heilsuvernd starfsfólks

Það er markmið Samherja að engin slys verði í starfsemi félagsins og að engir starfsmenn þurfi að glíma við vinnutengdan heilsuþrest.

ALMENNT UM SJÁLFBÆRNI HJÁ SAMHERJA

Stjórn Samherja hf. fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Daglegur rekstur er í höndum forstjóra og undir það falla málefni tengd sjálfbærni. Í þessu felst að forstjóri ber ábyrgð á málafloknum í umboði stjórnar.

Ytri samskipti við haghafa vegna sjálfbærnimála eru í höndum forstjóra og starfsfólks. Ekki er sérstakur framkvæmdastjóri sjálfbærni eða loftslagsmála hjá Samherja en fjölmargir starfsmenn hafa aðkomu að málafloknum innan félagsins. Áhrif félagsins á umhverfi og samfélag og málefni tengd sjálfbærni eru rædd á fundum stjórnar.

TVÖFÖLD MIKILVÆGISGREINING

Á árinu 2025 lét Samherji hf. framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu þar sem metin voru annars vegar áhrif félagsins á umhverfi og samfélag og hins vegar áhættur og tækifæri vegna sjálfbærnimála. Í tengslum við þessa vinnu voru lagðir rafrænir spurningalistar fyrir hóp starfsfólks, þvert á samstæðu Samherja, þar sem þessir starfsmenn voru beðnir um að flokka sjálfbærnimál eftir vægi þeirra fyrir samstæðu félagsins. Markmiðið með þessari vinnu var að leiða ljós afstöðu starfsfólks til þeirra sjálfbærnimála sem hafa mesta þýðingu fyrir samstæðuna. Þegar niðurstöður lágu fyrir voru þessi sjálfbærnimál síðan metin með sérstöku sniðmóti. Niðurstöður þessarar vinnu leiddu í ljós að eftirtalin sjálfbærnimál hafa mesta þýðingu fyrir starfsemi Samherja hf. og dótturfélaga:

UMHVERFISÞÆTTIR

LOFTSLAGSBREYTINGAR

- *Aðlögun að loftslagsbreytingum*
- *Orka*

Samherji hf. notar mikið af olíu í gegnum dótturfélagið Samherja Ísland ehf. sem annast rekstur veiða og vinnslu. Stærstur hluti losunar gróðurhúsalofttegunda hjá félaginu er vegna olíunotkunar skipaflotans.

VATN OG AUÐLINDIR SJÁVAR

- *Vatnsnotkun*
- *Vatnstaka*

Dótturfélagið Samherji fiskeldi ehf. notar talsvert magn af vatni við rekstur landeðisstöðva félagsins. Þá losar þessi hluti starfseminnar einnig vatn.

LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ (*líffræðilegur fjölbreytileiki*)

- *Áhrif á tegundir*

Samherji Ísland ehf., dótturfélag Samherja hf., stundar veiðar á villtum tegundum í samræmi við aflaheimildir félagsins. Veiðar á villtum tegundum hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi sjávar. Allar veiðar félagsins eru sjálfbærar og grundvallast á vísindalegri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Samherji leggur ríka áherslu á ábyrga nýtingu nytjastofna sem endurspeglast í umhverfisstefnu félagsins.

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Eigið vinnuafli

- *Örugg atvinna*
- *Kjarasamningar*

Samherji er stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða mælt í fjölda starfsmanna á samstæðugrundvelli. Samherji rekur flota fiskiskipa og fiskvinnslur á Akureyri og á Dalvík í gegnum dótturfélagið Samherja Ísland ehf. og fiskeldisstöðvar

og vinnslur víða um land í gegnum dótturfélagið Samherja fiskeldi ehf. Þá rekur Samherji skrifstofur á Akureyri og í Reykjavík. Lág starfsmannavelta er hjá félaginu og mjög hátt hlutfall starfsmanna er með ráðningarsamninga á grundvelli kjarasamninga. Meðal annars af þessum ástæðum mælast þessi sjálfbærnimál hátt sem jákvæðir áhrifaþættir hjá félaginu.

STJÓRNARHÆTTIR

- *Fyrirtækjamening*
- *Vernd uppljóstrara*

Á árinu 2021 var innleitt sérstakt hlífingarkerfi innan Samherja hf. sem gildir fyrir samstæðu félagsins. Kerfið samanstendur afskriflegum stefnum, verklagsreglum og málsmeðferðarreglum á sviði stjórnarháttá. Nánari upplýsingar um kerfið má finna aftar í skýrslunni. Meginmarkmiðið með innleiðingu kerfisins er að draga úr áhættu í rekstri félagsins. Af þessari ástæðu mældust stjórnarhættir sem jákvæður áhrifaþáttur í tvöfaldri mikilvægisgreiningu. Þau sjálfbærnimál sem skoruðu hæst voru annars vegar „fyrirtækjamening“ og hins vegar „vernd uppljóstrara“ en hvort tveggja eru jákvæðir áhrifaþættir hjá Samherja.

LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

Líffræðileg fjölbreytni (líffræðilegur fjölbreytileiki) mælist meðal þeirra sjálfbærnimála sem hafa mesta þýðingu í rekstri Samherja samkvæmt niðurstöðum tvöfaldrar mikilvægisgreiningar. Er það einkum vegna þess að dótturfélagið Samherji Ísland ehf. stundar veiðar á villtum tegundum. Er umfjöllun þessa kafla einkum helguð því hvort og hvernig möguleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni koma fram vegna veiða. Hér ber einnig að nefna að dótturfélagið Samherji fiskeldi ehf. stendur í umfangsmiklum framkvæmdum á Reykjanesi sem hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni á svæðinu en neikvæðu áhrifin eru metin óveruleg, eins og rakið er hér aftar.

Að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni er samofið rekstrarhæfi Samherja enda myndi skert líffræðileg fjölbreytni í efnahagslögsögu Íslands, þar sem félagið stundar veiðar, hafa neikvæð áhrif á getu þess til að skapa verðmæti. Í þessu felst að varðstaða um líffræðilega fjölbreytni er nátengd afkomu félagsins og rekstrarhæfi til framtíðar.

EINGÖNGU SJÁLFBÆRAR VEIÐAR

Samherji stundar eingöngu sjálfbærar veiðar í samræmi við vísindaráðgjöf og er með MSC-vottaðar veiðar. Veiðiheimildir félagsins grundvallast á ákvörðun um heildarafla í einstökum tegundum sem byggir á tillögum Hafrannsóknastofnunar í samræmi við lög um stjórn fiskveiða. Af þessu leiðir að áhrifin á einstakar tegundir eru hverfandi eða engin enda er aðeins veitt það magn sem færustu vísindamenn Hafrannsóknastofnunar telja að sé í samræmi við langtímamarkmið um sjálfbæra nýtingu nytjastofna. Þá fylgir félagið öllum lögum, reglum og ströngustu gæðastöðlum varðandi meðferð afla og meðafla þannig að allur veiddur afli er rétt skráður og telur þannig upp í aflaheimildir félagsins í mismunandi tegundum.

Stefnur og markmið Samherja varðandi líffræðilega fjölbreytni koma meðal annars fram í umhverfisstefnu félagsins. Þar segir að félagið leggi áherslu á að umgangast fiskveiðiauðlindina af virðingu til að stuðla að áframhaldandi nýtingu fiskistofna fyrir komandi kynslóðir. Þá er það markmið félagsins að draga eins og mögulegt úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.



Björg EA 7, Kaldbakur EA 1 og Björgúlfur EA 312 í Eyjafirði.



Stefnur og markmið Samherja samrýmast á mörgum sviðum 2050 yfirmarkmiðunum og 2030 undirmarkmiðunum í Kunming Montréal stefnu Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (*Kunming-Montréal Global Diversity Framework*) þótt sú stefna hafi ekki verið sérstaklega höfð til hliðsjónar við mótun umhverfisstefnu. Þau svæði þar sem áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika eru mest eru þau fiskimið þar sem félagið stundar veiðar en þau eru í langflestum tilvikum innan íslensku efnahagslögsögunnar. Þó hafa skip félagsins einnig stundað veiðar í Noregi og við Grænland. Þessar veiðar eru sjálfbærar og grundvallast á vísindalegri ráðgjöf, eins og rakið er framar. Samherji hefur ekki ráðist í greiningu á því hvort neikvæðir áhrifaþættir gagnvart líffræðilegri fjölbreytni séu til staðar í virðisdeðju félagsins.

MIKLAR FRAMFARIR Í HÖNNUN VEIÐARFÆRA

Rétt eins og önnur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki er Samherji bundinn af lögum og reglum um veiðarnar sjálfar og þar með reglum um notkun veiðarfæra. Á undanförunum árum hafa orðið miklar tækniframfarir í hönnun og framleiðslu veiðarfæra, ekki síst á sviði botnfiskveiða, sem hafa dregið verulega úr umhverfisáhrifum við veiðarnar. Þar má einkum nefna rafeindabúnað sem sendir upplýsingar í rauntíma um hvernig veiðarfæri dragast í sjó.

ÁHRIF Á LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ VEGNA FRAMKVÆMDA Á REYKJANESI

Um þessar mundir standa yfir framkvæmdir við Eldisgarð, nýja landeldisstöð fyrir lax á Reykjanesi, á vegum Samherja fiskeldis ehf. Stöðin er í Auðlindagarði HS Orku og mun samanstanda af aðalbyggingu, seiðastöðvum, áframeldissvæði, vinnsluhúsi ásamt stoð- og tæknibyggingum, alls um 250.000 fermetrar. Eldisgarður verður byggður í þremur áföngum og er áætlað að fullbúin stöð muni geta framleitt árlega um 36.000 tonn af óslægðum laxi.

Í umhverfismatskýrslu vegna framkvæmdarinnar, sem var unnin af VSÓ Ráðgjöf fyrir Samherja fiskeldi, kemur fram að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði óveruleg. Í áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismatið er tekið undir það. Líttinn gróður og fáa fugla sé að finna á svæðinu. Verndargildi svæðisins sé lítið með hliðsjón af áhrifum á gróður og fugla.

Í umhverfismatskýrslu kemur fram að á svæðinu séu aðallega fuglar í sjó og fjöru. Ekki er talið að fyrirhugaðar framkvæmdir við Eldisgarð muni hafa merkjanleg áhrif

á þær tegundir sem þar finnast. Þá eru engin mikilvæg fuglasvæði innan eða í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið. Ólíklegt talið að hinar staðbundnu framkvæmdir muni hafa þau áhrif að fuglategundum fækki á svæðinu. Í umhverfismatskýrslu segir að framkvæmdirnar fari því ekki gegn alþjóðlegum samningum á borð við samninginn um líffræðilega fjölbreytni*. Þá eru framkvæmdirnar ekki líklegar til að breyta einkennum gróðurs eða rýra verndargildi þess gróðurs sem finnst á svæðinu. Áhrifin á gróður eru metin óverulega neikvæð, staðbundin og afturkræf ef starfsemi væri hætt.

*Hér er vísað til *Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD)* þótt fullt heiti samningsins komi ekki fram í umhverfismatskýrslunni.

LOSUN OG ORKUNOTKUN

Samherji nýtir orkufreka framleiðsluþætti í sinni starfsemi og selur afurðir á alþjóðlegum mörkuðum. Það er því umfangsmikið verkefni að kortleggja kolefnisspor félagsins með nákvæmum hætti. Á sviði veiða og vinnslu er helsti orkugjafinn olía og í landvinnslum og fiskeldi er það rafmagn. Í skýrslunni eru upplýsingar um kolefnislosun settar fram á grundvelli aðferðafræði *The Greenhouse Gas Protocol*. Upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í þessari skýrslu eru ekki tæmandi en félagið birtir þá losun sem því hefur tekist að greina í umfangi 1, 2 og 3.

Upplýsingar um losun í umfangi 3 eru birtar með þeim fyrirvara að ekki liggja fyrir upplýsingar um losun tengda framhaldsflutningum afurða á meginlandi Evrópu og í Asíu. Þar er um að ræða erlenda samstarfsaðila þeirra íslensku fyrirtækja sem annast flutninga á afurðum fyrir Samherja. Þá hafa birgjar félagsins, eins og ferðaskrifstofur og flugfélög, ekki getað veitt nákvæmar, tæmandi upplýsingar um losun tengda flugferðum starfsfólks sem hefðu einnig fallið undir losun í umfangi 3. Samherji vinnur að því með sínum birgjum að ná betur utan um upplýsingar um losun í umfangi 3.

Orkunotkun	Eining	2025	2024	2023	2022
Rafmagn	Kwh	47.263.870	40.937.181	40.923.171	41.564.399
Heitt vatn	m ³	7.828.483	7.325.473	22.725.248	22.375.997
Kalt vatn	m ³	46.116.657	42.423.010	26.844.135	27.032.183
Sjór	m ³	194.118.797	184.485.600	241.250.400	234.961.200
Olíunotkun	L	14.760.101	14.595.212	15.645.727	13.601.104

Rafmagnsnotkun samstæðunnar jókst umtalsvert á árinu 2025 frá árinu á undan og skýrist það einkum af stækkun Silfurstjörnunnar, landeldisstöðvar Samherja fiskeldis í Öxarfirði. Þá jókst notkun á köldu vatni og sjó af sömu ástæðu.

Munur á vatnsnotkun milli árána 2024 og 2023 skýrist af því að fram til ársins 2024 var vatnsnotkun gefin upp sem afkastageta, þ.e. möguleg hámarksnotkun. Hún hefur hins vegar verið gefin upp sem raunveruleg notkun frá og með árinu 2024.

Umfang 1	Eining	2025	2024	2023
Skip og fiskvinnslur	tCO ₂ f	40.699	39.905	42.849
Fiskeldi	tCO ₂ f	186	292	277
Annað	tCO ₂ f	141	151	206
Samtals	tCO ₂ f	41.027	40.347	43.332

Umfang 2	Eining	2025	2024	2023
Skip og fiskvinnslur	tCO ₂ f	110	121	141
Fiskeldi	tCO ₂ f	294	229	232
Annað	tCO ₂ f			
Samtals	tCO ₂ f	404	350	373

Umfang 3	Eining	2025	2024	2023
Greind losun	tCO ₂ f	13.072		

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 hjá samstæðu Samherja hf. nam 41.027 tonnum af koltvísýringsígildum á árinu 2025 og jókst óverulega frá árinu á undan. Losun í umfangi 1 hefur haldist svipuð undanfarin tvö ár en var hærrí á árinu 2023 þar sem þá veiddu uppsjárskip félagsins loðnu. Reikna má með að losun í umfangi 1 hækki aftur á árinu 2026 samhliða aukinni olíunotkun vegna loðnuvertíðar þess árs. Olíunotkun á skipum er langstærsti losunarpátturinn í starfsemi félagsins og er 99% losunar í umfangi 1. Það er markmið Samherja að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og kostur er og lágmarka þannig áhrif félagsins á umhverfið. Það er hins vegar krefjandi viðfangsefni að setja tölusett markmið um samdrátt í losun í ljósi þeirra sveiflna sem einkenna veiðar á villtum fisktegundum. Í því sambandi má nefna að breytingar geta orðið í veiðiheimildum vegna stöðu stofna í einstökum tegundum og þá geta siglingar á veiðisvæði verið breytilegar milli ára vegna krefjandi veðurfars.



Ísfisktogarinn Harðbakur EA 3.

Samherji hefur sett sér það markmið að grípa til ráðstafana til að draga úr olíunotkun sem eru raunhæfar og framkvæmanlegar. Á undanförunum áratug hefur Samherji fjárfest mikið í endurnýjun fiskiskipafлотans og eru nýrri skip félagsins mun sparneytnari en þau eldri.


Losun í umfangi 2 nam 404 tonnum af koltvísýringsígildum og greind losun í umfangi 3 nam 13.072 tonnum af koltvísýringsígildum á árinu 2025. Er þetta í fyrsta sinn sem félagið birtir upplýsingar um losun í umfangi 3.

OLÍUNOTKUN

Skip Samherja notuðu samtals 14.760.101 lítra af olíu á árinu 2025 og er þetta svipað magn og árið á undan. Meiri olíunotkun á árinu 2023 skýrist af því að uppsjávarskip félagsins veiddu loðnu það ár sbr. það sem er rakið framar.

Orkunotkun	Eining	2025	2024	2023
Rafmagn	Kwh	47.263.870	40.937.181	40.923.171
Heitt vatn	m³	7.828.483	7.325.473	22.725.248
Kalt vatn	m³	46.116.657	42.423.010	26.844.135
Sjór	m³	194.118.797	184.485.600	241.250.400
Olíunotkun	L	14.760.101	14.595.212	15.645.727

OLÍUNOTKUN Í LÍTRUM 2022–2025




OLÍUNOTKUN Á VEITT TONN

Olíunotkun á veitt tonn er mikilvægur mælikvarði til að meta skilvirkni olíunotkunar við veiðar. Er þetta einn besti mælikvarðinn til að glöggva sig á hagkvæmni í rekstri fiskiskipaflotans. Hjá Samherja er kappkostað að auka hagkvæmni við veiðar og stuðla að sparneytni í olíunotkun eins og kostur er.

Eins og sést á meðfylgjandi súluriti hefur olíunotkun á veitt tonn á ísfisktogurum og uppsjávarskipum haldist mjög svipuð undanfarin fjögur ár sem bendir til þess að félaginu hafi tekist að viðhalda sama stigi skilvirkni við þessar veiðar. Olíunotkun á veitt tonn á frystitogara var nákvæmlega sú sama á árunum 2023 og 2025 en sveiflaðist þess á milli.

OLÍUNOTKUN Í LÍTRUM Á VEITT TONN 2022–2025



VATN OG FRÁRENNSLI

Langstærstur hluti vatnsnotkunar innan samstæðunnar er vegna landeldis hjá dótturfélaginu Samherja fiskeldi ehf.

Í seiðastöð Samherja fiskeldis ehf. á Núpum í Ölfusi er eingöngu notað ferskvatn til eldisins, bæði kalt og heitt. Þar fer allt frárennslisvatn í gegnum hreinsunarbúnað áður en það rennur út í viðtaka.

Á Stað er bæði seiðastöð og áframeldi. Þar er ekkert ferskvatn og því er jarðsjór notaður. Allt frárennsli frá Stað rennur beint út í sjó þar sem eru sterkir straumar og lítil hætta á ofauðgun. Í áframeldisstöðinni á Vatnsleysu er einnig eingöngu notaður jarðsjór til eldisins og frárennslið rennur í einum stökk til sjávar.

Í Silfurstjörnunni, eldisstöðinni í Núpsmýri í Öxarfirði, eru nokkrar borholur með mismunandi seltu og hitastigi, en einnig er sandsíuðum sjó dælt úr fjörunni neðan við stöðina. Í nýrri hluta stöðvarinnar er allt frárennsli síað og fasta efnið tekið frá. Það er fer síðan í gegnum framleiðslubúnað til að minnka vatnsmagn og úr verður seyra. Þessari seyru er safnað og hún nýtt til landgræðslu í samvinnu við bændur á svæðinu. Öllu frárennslisvatni stöðvarinnar er síðan beint í tvær settjarnir áður en það rennur út í ós jökulsárinna Brunnár. Í settjörmunum falla stærstu úrgangsgagnirnar til botns og eru þær tæmdar reglulega og er sú seyra einnig nýtt til landgræðslu. Ekki hefur orðið vart við neina breytingu á lífríki Brunnár á þeim tíma sem starfsemi hefur verið í Núpsmýri eða frá árinu 1988.

Í landvinnslum er vatnið í framleiðsluferlum hreinsað eftir notkun, prótein síuð frá og eftir hreinsun fer frárennslisvatnið út í sjó. Próteinin sem eru síuð frá eru notuð í dýrafóður. Upplýsingar um vatnsnotkun má finna í töflu um orkunotkun framar í skýrslunni.

VEIÐARFÆRI

Veiðarfæraúrgangur var umtalsvert minni á árinu samanborið við fyrri ár. Heildarmagn var 64.285 kg. en hafði verið 122.867 kg. árið á undan og 107.419 kg. á árinu 2023. Samdráttur í magni veiðarfæraúrgangs skýrist meðal annars af því að óendurunnin veiðarfæri höfðu safnast upp og fóru í endurvinnslu á árunum 2023 og 2024. Þá er komin betri stýring og skipulag endurvinnslu á þeim veiðarfærum sem eru í notkun á skipum Samherja í dag.

Mjög lítið fellur til af PP köðlum (polypropylene) og veiðarfærum úr PA (polyamide) og hefur þetta einkum safnast upp á milli ára. Eins og staðan er núna er áætlað að þessi veiðarfæraúrgangur geti í mesta lagi numið 3.000 kg. á þriggja ára fresti.

Rockhopper eru sérstök gúmmíhjól eða diskar sem eru undir trollinu sem er notað við botnfiskveiðar. Nýting „hopparanna“ hefur breyst í útgerð Samherja Íslands ehf. þar sem minna slitin gúmmí, t.d. af frystitogaranum Snæfelli EA, hafa öðlast framhaldslíf á skipum sem stunda veiðar á minna krefjandi veiðislóð. Þetta samstarfsverkefni milli skipa í útgerð félagsins hefur gengið vel og skilað mun betri nýtingu á rockhopper diskunum.

Tegund	Eining	Magn	Endurrunnið
PE net	kg	23.366	23.366
PP kaðlar	kg		
PA	kg		
Rockhopper	kg	27.800	27.800
Málmar	kg	11.365	11.365
Flottrollskaðlar	kg		
Flöt	kg		
Blýkaðlar	kg		
Annað	kg	1.754	1.754
Samtals kg	kg	64.285	64.285

FLOKKUN ÚRGANGS

Það er markmið Samherja að úrgangur sem myndast í starfsemi félagsins verði endurnýttur eða fari til endurvinnslu. Félagið leggur áherslu á að lágmarka eða forðast alfarið urðun á úrgangi eins og kostur er. Úrgangur er flokkaður á öllum starfsstöðvum félagsins til sjós og lands.

Úrgangi er skipt annars vegar í almennan rekstrarúrgang og hins vegar fiskúrgang. Dauður fiskur, slóg, lifur og annar afskurður úr fiskeldi eru skilgreind sem fiskúrgangur þrátt fyrir að megnið af þessu sé selt og notað í loðdýrafóður.

Í veiðum og vinnslu er stuðst við aðra skilgreiningu á fiskúrgangi og þar er slóg og lifur flokkað sem hráefni. Af þessu leiðir að stærstur hluti fiskúrgangs hjá Samherja á uppruna sinn í fiskeldi en ekki veiðum og vinnslu.

Úrgangur	Eining	2025	%	2024	%	2023	%
Almennur rekstrarúrgangur	kg	511.125		488.872		824.062	
<i>þar af flokkaður úrgangur til endurvinnslu</i>	kg	338.880	66%	161.365	33,0%	561.979	68,2%
<i>þar af óflokkaður grófur úrgangur</i>	kg	39.871	8%	39.030	8,0%	43.670	5,3%
<i>þar af úrgangur til urðunar</i>	kg	163.747	32%	145.281	29,7%	216.673	26,3%
<i>Annað (hráefni til orkuvinnslu)</i>	kg	8.498	2%	5.847	1,2%	1.740	0,2%
Fiskúrgangur (dauðfiskur, slóg og afskurðir)	kg	1.387.918		1.095.605		1.675.965	
<i>þar af til endurvinnslu</i>	kg	1.373.207	98,9%	1.088.745	99,4%	1.614.264	96,3%
<i>þar af til urðunar</i>	kg	14.711	1,1%	6.860	0,6%	61.701	3,7%

RUDDI BRAUTINA Í ENDURVINNSLU VEIÐARFÆRA

Hákon P. Guðmundsson, útgerðarstjóri Samherja, hefur verið í framvarðasveit við endurvinnslu veiðarfæra í rekstri útgerðarinnar og leitt það verkefni frá upphafi samhliða öðrum störfum á útgerðarsviði. Hákon hefur starfað hjá félaginu frá stofnun árið 1983. Hann var meðal skipverja í áhöfn Akureyrarinnar EA og meðal fyrstu starfsmanna Samherja.

Verkefnið sem snýr að endurvinnslu veiðarfæra felst í því í að halda utan um þau veiðarfæri sem eru úr sér gengin, flokka þau, skrá hvað má nýta áfram og hvað þarf að senda til endurvinnslu. Hér má nefna kaðla, net úr næloni, troll, rockhopper diska, flot, málma o.fl. Það er óhætt að segja að Samherji hafi á ýmsum sviðum rutt brautina fyrir önnur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þegar endurvinnsla veiðarfæra er annars vegar og þar hefur Hákon gegnt ákveðnu forystuhlutverki.

Hákon segir að snemma á níunda áratugnum hafi umhverfisvitund í sjávarútvegi aukist rétt eins og í öðrum atvinnugreinum. Árið 1984 þegar Samherji hafði verið í rekstri í eitt ár hafi verið tekin sú ákvörðun að huga að sorpmálum til sjós með það að markmiði að koma veiðarfæraúrgangi og öðru sorpi í sama farveg og þá þekktist í landi.



Hákon P. Guðmundsson

GRINDAVÍK VAR VENDIPUNKTUR

„Árið 2007 förum við að huga að okkar málum og það verður ákveðinn vendipunktur þegar Samherji selur fiskimjölsverksmiðjuna í Grindavík og hættir umsvifum þar. Það höfðu safnast upp veiðarfæri af uppsjávarskipum og gamlar nætur af eldri skipum. Við stóðum því frammi fyrir risavöxnu verkefni og það er þá sem þessi eiginlega endurvinnsla hefst fyrir alvöru því fram að því höfðu veiðarfæri verið urðuð,“ segir Hákon.

Úrvinnslusjóður hóf starfsemi 1. janúar 2003. Á árinu 2005 var síðan gerður samningur milli Úrvinnslusjóðs og Landsambands íslenskra útvegsmanna (LÍU), forvera SFS, um endurvinnslu veiðarfæra. „Með Úrvinnslusjóði opnast leið fyrir okkur að endurvinnna veiðarfæri í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur gengið ótrúlega vel á síðustu árum. Maður sér það víða í höfnum. Þar er nánast enginn veiðarfæraúrgangur. Sem var alls ekki raunin í höfnum landsins fyrir einhverjum árum,“ segir Hákon.

FYRSTIR TIL AÐ FLYTJA VEIÐARFÆRI Í ENDURVINNSLUSTÖÐVAR ERLENDIS

Samherji var fyrsta sjávarútvegsfyrirtækið hér á landi til að senda veiðarfæri í sérhæfðar endurvinnslustöðvar erlendis og má því segja að félagið hafi rutt brautina fyrir önnur fyrirtæki í greininni hér á landi. „Við vorum fyrstir til að flytja veiðarfæri í endurvinnslustöðvar erlendis. Þetta var gert með gámum með flokkuðum veiðarfæraafgöngum. Á þessum árum hefði verið hægt að fara urðunarleiðina sem var margfalt ódýrari og með minni fyrirhöfn. En það kom ekki til greina þegar þessi leið var fær. Á árinu 2014 vorum við farin að flytja út flokkaðan veiðarfæraúrgang á hverju ári og höfum gert síðan,“ segir Hákon.

Þessi endurvinnsla hefur síðan orðið umfangsmeiri á síðustu árum. „Undanfarinn áratug höfum við farið í nákvæmari flokkun og það eru fleiri móttökustöðvar. Þær eru nú í Belgíu, Danmörku og Litháen. Þetta eru fyrst og fremst erlend fyrirtæki sem búa yfir þekkingu og tækni. Ef við tökum Belgíu, sem dæmi, þá er endurvinnsluiðnaðurinn þar í fararbroddi. Úr þeim veiðarfærum, sem við sendum þangað, verða til hrávörur sem ýmsir framleiðendur nýta við framleiðslu á vörum úr endurunnu plasti. Þar má nefna raftæki, bíla, húsgögn og umbúðir.“

Það eru móttökustöðvar fyrir veiðarfæraúrgang á fjórtán stöðum víðs vegar um Ísland en engar endurvinnslustöðvar fyrir veiðarfæri og því eru þau öll endurunnin erlendis. „Endurvinnsla af þessu tagi hefur verið reynd hér á Íslandi en ekki tekist. Þetta þarf að vera á stærri skala. Það þurfa að vera fleiri mótaðilar sem senda úrganginn í miðlæga endurvinnslu,“ segir Hákon.

TÆKNIÞRÓUN HEFUR AUKIÐ LÍFTÍMA VEIÐARFÆRA

Að gefa rockhopper diskunum, undir trollunum, framhaldslíf með flutningi milli skipa var síðasta áskorunin. Um er að ræða samstarf milli skipa í útgerð Samherja sem felst í því að notaðir rockhopper diskar eru fluttir á skip þar sem álag við veiðar er minna. Um þessar mundir eru tvö ár síðan Samherji byrjaði á þessu verkefni og hefur það gefist vel.

Hákon nefnir að tækniþróun hafi lengt líftíma veiðarfæra og dregið úr því magni sem þarf að endurvinnna. „Það hefur orðið mikil framþróun í framleiðslu á veiðarfærum og tækni sem gerir okkur kleift að fylgjast með því hvernig veiðarfærin dragast í sjó. Hér er um ræða rafeindabúnað, með skynjurum sem eru á veiðarfærunum í sjónum, sem senda síðan upplýsingar til skipsins. Þessi tækni hefur leitt til þess að afföll og tjón á veiðarfærum eru hverfandi. Veiðarfæraúrgangur er þannig að dragast mikið saman vegna tækniþróunar og magnið núna er bara brotabrot af því sem var fyrir nokkrum áratugum. Í fyrsta lagi eru veiðarfærin betur hönnuð og í öðru lagi tryggir þessi rafeindabúnaður miklu betri stýringu og nýtingu á veiðarfærum og það er hægt að fyrirbyggja að þau verði fyrir of miklu álagi eða hnjaski. Menn geta stýrt álaginu og þannig afstýrt skemmdum. Svo má ekki gleymast að sóknarstýringin er orðinn markvissari sem sést best á því hversu mikið minni olía er í dag að fara í hvert veitt kíló af fiski. Við sækjum á miðin þar sem við vitum að fiskurinn er og menn eru betur upplýstir um það sem gerist niðri í sjónum. Þetta eru ekki lengur ágiskanir heldur ákvarðanir teknar á grundvelli gagna sem berast upp í skipið á rauntíma.“

Hákon nefnir í þessu sambandi að tækniþróun sé langt á undan neikvæðri umræðu um t.d. botnfiskeveiðar. Umræða um umhverfisáhrif á sjávarbotni séu fréttir gærdagsins og úr takti við raunveruleikann þar sem neikvæð umhverfisáhrif af notkun veiðarfæra heyri sögunni til með nýrri tækni.

ROCKHOPPER DISKARNIR Á ÚTLEIÐ

Á síðasta ári var tekinn í notkun nýr búnaður sem mun draga enn meira úr því magni veiðarfæra sem þarf að endurvinnna. „Þetta heitir Flow Gear og um er að ræða hálfþípur úr plasti, svipaðar þeim sem notaðar eru í fiskeldiskvíum, sem koma í staðinn fyrir rockhopper diskana undir trollunum. Við byrjuðum að nota þessa útfærslu vorið 2025 á einum togara, Björgu EA, og þetta hefur gefist vel. Við teljum að með þessum búnaði séum við komin með lausn sem dregur úr því magni sem fer til endurvinnslu og felur jafnvel í sér minni orkunotkun en það ætti að skýrast á næstu mánuðum,“ segir Hákon P. Guðmundsson.

FLUTNINGUR AFURÐA OG UMBÚÐANOTKUN

Um 99% af afurðum Samherja eru seld á alþjóðlegum mörkuðum og eru afurðir fluttar til viðskiptavina með skipum eða flugi. Allar frystar afurðir eru fluttar með sjóflutningum þar sem líftími þeirra er lengri. Við flutning ferskra afurða skiptir flutningshraði miklu máli vegna styttri líftíma þeirra.

Um 76% ferskra afurða úr landvinnslum Samherja voru flutt með skipum til viðskiptavina á árinu 2025 og 24% voru flutt með flugi. Skipaflutningar hafa minni losun gróðurhúsalofttegunda í för með sér en flutningar með flugi.

Umbúðir fyrir seldar afurðir eru stór liður í aðföngum félagsins. Allar ferskar afurðir eru fluttar í kössum úr frauðplasti í samræmi við kröfur viðskiptavina. Ekki hefur komið fram önnur lausn á sviði umbúða sem tryggir gæði afurðanna jafn vel og frauðplast.



Róboti frá íslenska hátæknifyrirtækinu Samev staflar frauðplastkössum með afurðum í vinnsluhúsi ÚA á Akureyri.

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Samherji hefur undirritað stefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um samfélagsábyrgð sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þau heimsmarkmið sem Samherji leggur áherslu á í sinni starfsemi eru eftirfarandi:

JAFNRÉTTI KYNJANNA

Samherji leggur ríka áherslu á jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna og hefur sett sér sérstaka jafnréttisáætlun sem er hluti af stjórnarháttum félagsins. Tilgangur jafnréttisáætlunar er að tryggja jafnrétti kynjanna og að allir hafi jöfn tækifæri til að nýta hæfileika sína og krafta í starfi óháð kyni. Hjá Samherja eru greidd jöfn laun, óháð kyni, fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Störf sem eru laus til umsóknar hjá félaginu standa öllum kynjum til boða. Samherji og dótturfélög eru með jafnlaunavottun. Allt framangreint styður við heimsmarkmið nr. 5.

NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

Samherji hefur frá fyrstu tíð lagt ríka áherslu á fjárfestingar í grunnrekstri. Í þessu felst að félagið hefur fjárfest í nýjum skipum, vinnsluhúsum og tækjabúnaði með það fyrir augum að verja samkeppnishæfni félagsins og gera því kleift að tryggja viðskiptavinum sínum hágæðaafurðir. Vegna þessara fjárfestinga hefur fjárfestingarhlutfall félagsins haldist hátt. Í vinnsluhúsi Samherja á Dalvík, sem er eitt það fullkomnasta í heimi fyrir vinnslu á botnfisktegundum, var allur búnaður í húsinu þróaður í samstarfi Samherja og íslenskra nýsköpunar- og hátæknifyrirtækja. Með fjárfestingum hefur Samherji verið beinn þátttakandi í og stutt dyggilega við frumkvöðlastarf og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Fjárfestingar í nýjum skipum, vinnsluhúsum og búnaði styður beint við heimsmarkmið nr. 9.

ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Samherji framleiðir hágæða sjávarafurðir fyrir kröfuhörðustu viðskiptavinina á alþjóðlegum mörkuðum. Samherji leggur ríka áherslu á fullnýtingu hráefnis við veiðar og vinnslu með framleiðslu aukaafurða úr þeim hluta fisksins sem er skorinn af þannig að ekkert fari til spillis í framleiðslunni. Þannig helst í hendur aukin verðmætasköpun og umhverfisvernd.

AÐGERÐIR Í LOTSLAGSMÁLUM

Að setja tölusett markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda er krefjandi viðfangsefni í sjávarútvegi vegna þeirra sveiflna sem einkenna veiðar á villtum tegundum og birtast m.a. í breytingum í veiðheimildum milli ára. Engu að síður hefur samherji gripið til raunverulegra aðgerða sem styðja við heimsmarkmið nr. 13. Samherji leitar stöðugt leiða til að draga úr kolefnisspori félagsins með ábyrgri orkunotkun og fjárfestingum í sparneytnari skipum.

LÍF Í VATNI

Samherji hefur sett sér sérstaka umhverfisstefnu sem er hluti af stjórnarháttum félagsins. Þar kemur fram að félagið hafi það að markmiði að starfa í sem mestri sátt við umhverfið, stuðla að umhverfisvænum rekstri á öllum stigum framleiðslunnar, sjálfbærri nýtingu fiskistofna og góðri umgengni um auðlindir hafsins. Samherji leggur ríka áherslu á að umgangast auðlindir hafsins af virðingu til að tryggja áframhaldandi nýtingu fiskistofna fyrir komandi kynslóðir.



GÆÐAMÁL OG VOTTANIR

Samherji leggur ríka áherslu á að standast allar gæðakröfur. Hvort sem þær stafa frá viðskiptavinum eða öðrum haghöfum. Félög í samstæðu Samherja eru með eftirfarandi vottanir.



Aquaculture Stewardship Council (ASC). Um er að ræða umhverfsvottun fyrir eldisafurðir sem er ein sú kröfuharðasta í heiminum á sviði fiskeldis. ASC leggur áherslu á umhverfisábyrgð, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og félagslega ábyrgð í framleiðsluferlinu. Vottunin miðar að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar og tryggja ábyrga nýtingu náttúruauðlinda. Samherji fiskeldi ehf. hefur ASC-vottun fyrir landeldi á bleikju. Í því felst að allar bleikjuafurðir félagsins bera slíka vottun.



Marine Stewardship Council (MSC) er vottun sem felur í sér að fyrirtæki sýni fram á vistvænar veiðar, styrkleika fiskistofna og ábyrga og sjálfbæra fiskveiðistjórnun. Allar afurðir úr þorsk, ýsu og ufsa úr íslenskri lögsögu sem eru unnar í landvinnslum Samherja eru með MSC-vottun.



Iceland Responsible fisheries (IRF) er upprunamerki fyrir íslenskar sjávarafurðir og staðfestir sjálfbæra nýtingu og ábyrga stjórn fiskveiða. Allar afurðir sem eru unnar úr fiski sem Samherji veiðir við Ísland og vinnur í landvinnslum sínum, eins og þorski, ýsu og ufsa, eru vottaðar með IRF-vottun. Veiðar Samherja eru vottaðar og afurðirnar eru síðan vottaðar með rekjanleikavottun. Til þess að hljóta IRF-vottun samkvæmt staðli fyrir rekjanleika þurfa umsækjendur að sýna fram á að þeir uppfylli kröfur vottunarinnar á grundvelli óháðrar úttektar sem er framkvæmd af viðurkenndum vottunaraðila.



Hazard Analysis Critical Control Point (HACCP) er stýrikerfi aðgerða sem ætlað er að greina og stjórna hættum í matvælaframleiðslu til að tryggja matvælaöryggi. Landvinnslur Samherja á Akureyri og Dalvík eru með HACCP skírteini og vinna eftir því kerfi.



Supplier Ethical Data Exchange (Sedex) er kerfi um flæði upplýsinga og áreiðanleika þeirra í aðfangakeðjum fyrirtækja. Samherji er skráður inn í Sedex-kerfið og undirgengst síðan svokallaða SMETA-úttekt þar sem metið er hvort fyrirtæki fylgi siðferðilegum kröfum um vinnuáðstæður, öryggi, umhverfi og viðskiptasiðferði. Tilgangur úttektarinnar er gagnsæi og ábyrgð í aðfangakeðju, sérstaklega gagnvart alþjóðlegum viðskiptavinum.



BRC Food safety and Quality er vottun um öryggi og gæði matvæla sem þróuð var af British Retail Consortium og er nýtt af matvælaframleiðendum um allan heim. Mörg smásöluvirkir og viðskiptavinir gera kröfu um að birgjar þeirra hafi þessa vottun. BRC leggur meðal annars áherslu á matvælaöryggi, gæði framleiðsluhátta og gæði og heilnæmi afurða. BRC-vottunin staðfestir að gæðastjórnunarkerfi viðkomandi fyrirtækis standist ítrustu kröfur sem gerðar eru til matvælaframleiðenda. BRC er viðurkenndur Global Food Safety Initiative (GFSI) staðall. GFSI er kerfi sem var komið á fót til að samræma staðla á sviði matvælaöryggis og auka traust í alþjóðlegum aðfangakeðjum.



BAP (The Best Aquaculture Practices) er vottun fyrir fiskeldi, byggð á fjórum megin stoðum. Þar er um að ræða fæðuöryggi, umhverfisáhrif, félagslega velferð og heilsu- og velferð dýra. BAP er viðurkenndur Global Food Safety Initiative (GFSI) staðall. Vinnsla Samherja fiskeldis á bleikju er með BAP-vottun. Margir kaupendur bleikjuafurða gera kröfu um að birgjar þeirra hafi þessa vottun.



Whole Foods Market (WFM) er sérstök vottun frá Whole Foods smásölukeðjunni sem bæði laxinn og bleikjan frá landeldi Samherja fiskeldis ehf. eru með. Whole Foods leggur áherslu á gæði hráefnis, gagnsæi í merkingum, dýravelferð og sjálfbærni í framleiðslu. Fyrirtækið gerir kröfu um rekjanleika og ábyrg vinnubrögð í aðfangakeðjunni. Vottunin staðfestir að framleiðsla og vörur uppfylla strangar gæðakröfur Whole Foods og undirgengst Samherji fiskeldi sérstakar úttektir til að fá þessa vottun.

ÁHÆTTUR OG TÆKIFÆRI VEGNA LOFTSLAGSBREYTINGA

Samstæða Samherja stendur frammi fyrir sömu áhættum og tækifærum vegna loftslagsbreytinga og fyrir ári síðan enda hafa ekki orðið breytingar sem hafa áhrif á þá stöðu. Hvorki á samstæðunni sjálfri né þeim vísindalegu gögnum sem liggja fyrir um áhrif loftslagsbreytinga.

Loftslagsbreytingargætuhaft margvíslegar áhættur í för með sér fyrir sjávarútveginn ekki síst ef þær hafa neikvæð áhrif á lífríki sjávar og fiskistofna. Samherji Ísland ehf., dótturfélag Samherja, reiðir sig á veiðar á villtum tegundum og aðgang að fiskistofnum. Hlutdeild félagsins í þeim fisktegundum sem eru bundnar aflamarki má sjá framar í skýrslunni.

Ef neikvæðar breytingar verða á fiskistofnum í íslensku efnahagslögsögunni af völdum loftslagsbreytinga, t.d. vegna göngumynsturs einstakra stofna og breytinga á fæðuframboði, gæti það haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi Samherja Íslands ehf. Ef slíkar breytingar myndu leiða til skerðinga á veiðiheimildum félagsins þá blasir við að slíkt mun rýra möguleika félagsins til verðmætasköpunar og tekjuöflunar. Samherji stendur því frammi fyrir áhættu vegna loftslagsbreytinga ef áhrif vegna þeirra raungerast. Um er að ræða nokkrar gerðir raunáhættu (physical risk) og eru þær einkum eftirfarandi:

- Súrnun sjávar
- Breytingar á hitastigi sjávar
- Breytingar á sjávarstöðu
- Tíðari ofsaveður

Útilokað er að kortleggja á nákvæman hátt fjárhagslegt umfang þessara áhættuþátta fyrir félagið vegna óvissu um áhrif þeirra.



Um borð í ísfisktogaranum Björgu EA 7.

BREYTINGAR Á HITASTIGI SJÁVAR EKKI FARIÐ ÚT FYRIR MÖRK NÁTTÚRULEGS BREYTILEIKA

Samherji þarf að reiða sig á utanaðkomandi rannsóknir og greiningar við umfjöllun um áhættur og tækifæri sem tengjast loftslagsbreytingum. Þar ber helst að nefna samantektarskýrslur vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem fjalla um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi. *Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar* er sú nýjasta í röðinni og kom hún út á árinu 2023. Í skýrslunni er sérstakur kafli helgaður ástandi og lífríki sjávar.

Í skýrslunni kemur fram að erfitt sé að greina áhrif hnattrænnar hlýnunar í breytingum á ástandi sjávar (hita og seltu) við Ísland. Þær breytingar sem hafi orðið á hita og seltu á hafsvæðinu í kringum Ísland frá 1995 fari ekki út fyrir mörk náttúrulegs breytileika. Af skýrslunni má jafnframt ráða að afleiðingar aukinnar hlýnunar séu ekki aðeins neikvæðar þar sem hlýindi hafi haft jákvæð áhrif á sumar fisktegundir.

HLÝINDI HAFT JÁKVÆÐ ÁHRIF Á ÞORSKSTOFNINN

Í skýrslunni er rakið að á síðustu tveimur áratugum hafi útbreiðsla margra fisktegunda á Íslandsmiðum verið að færast til. Þegar botnfisktegundir eru annars vegar er rakið í skýrslunni að tímabil hlýinda hafi haft jákvæð áhrif á stærð þorskstofsins við Ísland. Að einhverju leyti hafi áhrifin komið fram við þær hlýju aðstæður sem nú ríki, þar sem lífmassi og langlífi hafi aukist, þótt það tengist einnig litlu veiðiálagi. Þá segir í skýrslunni að hækkandi sjávarhiti á Íslandsmiðum geti haft jákvæð áhrif á vaxtarhraða og nýliðun þorsks. Neikvæðu áhrifin geti þó einnig komið fram ef magn helstu fæðu þorsks, þ.e. kaldsjávartegundanna loðnu og rækju, minnki í kjölfar hlýnunar.

Í skýrslunni kemur fram að um síðustu aldamót hafi stærð ýsustofnsins aukist samhliða hækkandi sjávarhita. Hlýnun sjávar hefur einnig áhrif á vöxt og kynþroska ýsu. Hún vex hraðar og verður þynþroska fyrr í hlýrri sjó.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar: *Staða umhverfis og vistkerfa í hafinu við Ísland og horfur næstu áratuga*, sem kom út árið 2021, segir eftirfarandi:

„Gögn sýna að þær breytingar sem orðið hafa á hitastigi og seltu á hafsvæðinu kringum Ísland frá 1995 eru ekki meiri en áður hafa sést hér við land. Hægt er að útskýra þessar breytingar að mestu leyti með auknu flæði Atlantssjávar sem hefur hátt hitastig og seltu sem streymir hingað af meiri krafti en á tímabilinu frá 1965–1995.“

Eins og áður segir er ekki hægt að fullyrða að breytingar á hitastigi sjávar í kringum Ísland séu vegna hnattrænnar hlýnunar af mannavöldum. Sækir þessi skilningur stoð í báðar áðurnefndar skýrslur. Þá er ljóst að breytingar á hitastigi sjávar geta bæði falið í sér tækifæri og áhættur fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að því marki sem þessar breytingar hafa áhrif á nytjastofna.

SÚRNUN SJÁVAR ÖRARI VIÐ ÍSLAND

Súrnun sjávar er skilgreind sem lækkun á pH-stigi sjávar af mannavöldum og þá einkum vegna bruna jarðefnaeldsneytis, iðnaðar og landnotkunar. Í áðurnefndri skýrslu Hafrannsóknastofnunar er súrnun sjávar sögð samheiti yfir þær breytingar sem verða á svökölluðu karbónatkerfi sjávar vegna upptöku hans á koldíoxíði (CO₂).

Í *Fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar* er rakið að heimshöfin hafi tekið upp um fjórðung af því koldíoxíði sem mannkynið hafi losað út í andrúmsloftið og hafi þróunin verið hröð. Þar segir jafnframt að vegna aðstæðna í hafinu við Ísland og almennt í norðurhöfum hafi súrnun sjávar orðið örari hér við land en að jafnaði í heimshöfunum.

Í samantektarskýrslunni kemur fram að súrnun sjávar geti haft verulegar breytingar á lífríki sjávar. Lífverur séu þó misjafnlega viðkvæmar fyrir súrnun en almennt séu áhrifin neikvæð þó að undantekninga gæti. Til skamms tíma hafi verið talið að súrnun hefði ekki bein áhrif á fiska en komið hafi í ljós að hún geti valdið röskun á innra jafnvægi sýrubasa og takmörkun á vexti og lifun lírfa. Þá sé leysni koldíoxíðs meiri í köldum sjó en heitum og upptaka koldíoxíðs á köldum svæðum því hraðari. Þar segir jafnframt að afleiðingar súrnunar sjávar gætu orðið mestar á köldum svæðum eins og við Ísland og þá sérstaklega í kaldari sjó fyrir norðan land. Talið er að hnattræn súrnun sjávar muni halda áfram nema dregið verði hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Fram kemur í áðurnefndri skýrslu Hafrannsóknastofnunar, *Staða umhverfis og vistkerfa í hafinu við Ísland og horfur næstu áratuga*, að engar beinar rannsóknir hafi farið fram á líffræðilegum áhrifum súrnunar sjávar við Ísland. Þó hafi safnast þekking úr rannsóknum við sambærilegar aðstæður sem megi tengja við lífríki og vistkerfi í hafinu við Ísland. Þörf sé á frekari rannsóknum sem taki tillit til staðbundins „umhverfisbreytileika“ og vistkerfa við strendur Íslands. Til dæmis gætu afleiðingar súrnunar verið mismunandi eftir svæðum vegna ólíkra umhverfisaðstæðna. Í niðurlagi umfjöllunar skýrslunnar um súrnun sjávar kemur fram að það felist „veruleg ógn í súrnun sjávar fyrir lífríki og vistkerfi í hafinu við Ísland.“ En takmörkuð þekking á „umhverfisbreytileika í karbónatkerfi sjávar og líffræðilegum áhrifum súrnunar sjávar“ skapi mikla óvissu um afleiðingar hennar í framtíðinni.

Í *Fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar* kemur fram að Hafrannsóknastofnun hafi sett upp tilraunaaðstöðu í eldisstöð sinni á Stað í Grindavík sem verður helguð rannsóknum á súrnun sjávar. Skýrslan kom út á árinu 2023. Ekki hefur verið greint frá niðurstöðum þessara rannsókna á vef Hafrannsóknastofnunar.



FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

MANNAUÐUR

Starfsfólk Samherja er hjartað í starfsemi félagsins og lykillinn að árangri þess hvort sem um er að ræða veiðar og vinnslu, landeldi, sölu eða skrifstofu.


Stjórnendur Samherja eru meðvitaðir um að árangur í rekstri byggist öðru fremur á þekkingu, færni og metnaði starfsmanna. Þess vegna leggur félagið ríka áherslu á að ráða hæft starfsfólk og bjóða því gott vinnuumhverfi og aðstöðu.

Samherji hefur sett sér sérstaka mannauðsstefnu sem er hluti af stjórnarháttum og hlítningarkerfi. Tekið er vel á móti nýju starfsfólki og því er veitt viðeigandi þjálfun áður en það hefur störf. Þá eru starfsmenn hvattir til sí- og endurmenntunar.

Í lok árs 2025 störfuðu 832 starfsmenn hjá samstæðu Samherja hf. Þar af voru 567 karlar og 265 konur. Þetta er svipaður starfsmannafjöldi og á árinu á undan þegar 836 starfsmenn unnu hjá samstæðunni.*

Meðalaldur starfsfólks er 42 ár hjá körlum og 44 ár hjá konum. Margir starfsmanna Samherja hafa fylgt félaginu lengi og sinnt ólíkum störfum innan samstæðunnar. Endurspeglast þetta í háum meðalstarfsaldri sem er 10,7 ár hjá körlum og 10,5 ár hjá konum.

KYNJASKIPTING Í STARFSEMI SAMHERJA



FRÆÐSLA


Samherji leggur ríka áherslu á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og veita þeim viðeigandi þjálfun og fræðslu áður en þeir hefja störf. Þá styður félagið starfsfólk til sí- og endurmenntunar og veitir styrki vegna námskeiða.

Fræðslukerfið LearnCove, sem býður upp á miðlægt aðgengi þjálfunarefnis og hlutverkamiðaða þjálfun, er í notkun í fiskvinnslum Samherja á Eyjafjarðarsvæðinu og hjá Samherja fiskeldi. Kennsluefnið er bæði með myndrænni framsetningu og texta. Kerfið kom í staðinn fyrir fræðslukerfið Eloomi sem hafði verið í notkun hjá Samherja um nokkurt skeið. Árið 2023 var fyrsta árið sem Eloomi var í fullri notkun og alls var lokið við 1.045 námskeið það ár. Notkun kerfisins jókst umtalsvert á árinu 2024 og var þá lokið við alls 1.583 námskeið. Seint á árinu 2024 var LearnCove tekið í notkun. Þjálfun með kennsluhugbúnaði hélt síðan áfram að aukast á árinu 2025 þegar lokið var við alls 2.813 námskeið með LearnCove.


Það eru einkum starfsmenn á sviði veiða og vinnslu og fiskeldis sem sækja námskeiðin. Þá sækja starfsmenn sér námskeið utan vinnustaðarins sem eru ekki skráð sérstaklega í fræðslukerfið.

Samherji er fjölþjóðlegur vinnustaður. Lögð er áhersla á íslenskukennslu og þjálfun fyrir starfsfólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli. Innan félagsins er ríkur skilningur á mikilvægi þess að bjóða upp á íslenskukennslu í fræðslusetri og inni á vinnustaðnum sjálfum í samstarfi við fræðslumiðstöðvar. Fer þessi kennsla fram á íslenskunámskeiðum sem hafa það markmið að efla orðaforða nemenda til að tryggja betri og virkari þátttöku þeirra í íslensku samfélagi.

Í ársbyrjun 2024 tók Samherji í notkun smáforritið *Bara tala* þar sem erlendir starfsmenn geta lært ný orð og aukið orðaforða sinn á íslensku á þeim hraða sem þeir kjósa.



FJÖLDI NÁMSKEIÐA 2023–2025



*Þetta er ekki sami fjöldi og er tilgreindur í ársreikningi félagsins enda er þar miðað við fjölda ársverka í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Á árinu 2025 voru að meðaltali 806 ársverk hjá samstæðu Samherja hf.



Óskar Ægir Benediktsson hefur stýrt STÚA frá árinu 1992.



Frá vel heppnuðu taílensku matar- og skemmtikvöldi í matsal ÚA. Hátt í þrjátíu starfsmenn ÚA rekja ættir sínar til Taílands.

HEFUR STÝRT STARFSMANNAFÉLAGI ÚA FRÁ 1992

Hjá Samherja eru starfsmannafélög sem standa fyrir öfluglu félagsstarfi, svo sem skemmtanahaldi af ýmsum toga. Markmið þeirra er m.a. að stuðla að því að starfsmenn kynnist betur, efla samstarf þeirra á milli og samkennd. Elsta starfsmannafélagið innan vébanda Samherja er Starfsmannafélag Útgerðarfélags Akureyringa (STÚA). Félagið var stofnað 20. apríl 1982. Félagar nú eru hátt í 160.

FJÖLBREYTT STARFSEMI

Óskar Ægir Benediktsson hefur verið í stjórn STÚA frá 25. janúar 1991 og hefur verið formaður félagsins frá árinu 1992 að frátöldum tveimur árum.

„Starfsemin hefur alla tíð verið lífleg og virkinn í félagsstarfinu er með ágætum. Við reynum eftir bestu getu að sníða starfsemina samkvæmt óskum sem flestra og ég held að það hafi tekist ágætlega. Félagið stendur m.a. fyrir árshátíðum og

skemmtunum, ferðalögum innan- og utanlands, námskeiðum og síðast en ekki síst rekstri sumarbústaðar sem Útgerðarfélag Akureyringa færði félaginu að gjöf árið 1989,“ segir Óskar Ægir.

ÞJÓÐARKVÖLDIN NJÓTA VINSÆLDA

Vetrarstarfsemi félagsins hófst með taílensku matar- og skemmtikvöldi, sem haldið var í matsal ÚA. Starfsmenn sem rekja uppruna sinn til Taílands eru um þrjátíu.

„Þessi þjóðarkvöld njóta mikilla vinsælda og stefnan hefur verið að halda eitt slíkt á hverju ári. Taílendingarnir hjálpuðust að við undirbúninginn þar sem hver og einn hafði sitt hlutverk. Aðalréttirnir voru tíu, auk alls kyns meðlætis og eftirréttaborðið var ekki síðra. Matsalurinn var fagurlega skreyttur og taílensk menning kynnt, svo sem þjóðdansar. Öll aðstaða í matsal ÚA er eins og best verður á kosið sem er

ómetanlegt í slíku félagsstarfi. Ég er sannfærður um að þessi þjóðarkvöld þjappa starfsfólkinu enn betur saman sem er mikils virði.“

MIKILVÆGT FÉLAG Á TÍMUM RAFRÆNNA SAMSKIPTA

„Samherji hefur alla tíð stutt okkur dyggilega og fyrir það erum við þakklát. Á tímum rafrænna samskipta er líklega enn mikilvægara en áður að starfsemin sé sem öflugust. Ég get ekki annað en verið bjartsýnn á framtíðina. Góð þátttaka í fjölbreyttri starfsemi STÚA endurspeglar á margan hátt vilja félagsmanna til að sameinast í þessum ágæta félagsskap,“ segir Óskar Ægir Benediktsson.



MANNRÉTTINDI

Virðing fyrir starfsfólki og mannréttindum er grundvallaratriði í rekstri Samherja. Samherji hefur sett sér sérstaka stefnu um mannréttindi sem er hluti af stjórnarháttum félagsins. Kjarni hennar er jafnræði sem miðar að því að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Samherji hafnar hvers konar nauðungarvinnu, þar með talið skuldaþrælkun, þrælavinnu, barnaþrælkun og öllum birtingarmyndum mansals. Engum skal haldið nauðugum í vinnu eða þrælkun.

Samherji skiptir ekki við neina birgja þar sem hætta er á nauðungarvinnu eða barnaþrælkun, eða birgja þar sem ungir starfsmenn eru útsettir fyrir hættulegum aðstæðum eða vinnu, og framkvæmir áreiðanleikakannanir á birgjum og samstarfsaðilum áður en stofnað er til viðskipta við þá. Með því að sniðganga birgja og fyrirtæki þar sem mögulega er til staðar hætta á slíkum viðskiptaháttum leggur félagið sitt af mörkum til að útrýma þeim.

Samherji hafnar hvers kyns mismunun og á árinu komu ekki upp nein tilvik þar sem félagið eða samstarfsaðilar þess urðu uppvisir að því að mismuna fólki.

JAFNRÉTTI

Samherji leggur áherslu á að ráða framúrskarandi starfsfólk til starfa og að laus störf standi öllum kynjum til boða. Það er stefna félagsins að jafnréttissjónarmið skuli metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við stöðuveitingar og ráðningar í störf.

Hlutfall kvenna meðal heildarfjölda starfsfólks samstæðunnar var 32% á árinu 2025. Þetta er sama hlutfall og árið á undan og hefur staðið nokkurn veginn í stað undanfarin ár. Samherji hf., Samherji fiskeldi ehf. og Samherji Ísland ehf. eru með jafnlaunavottun og uppfylla því kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST:85 2012 og kröfur laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Vottunin felur í sér að stjórnunarkerfið hjá þessum félögum virki sem skyldi. Kerfið á að tryggja að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Samherji hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi.

ÖRYGGI, HEILBRIGÐI OG VINNUVERND

Samherji leggur ríka áherslu á öryggi, heilsu og vinnuvernd starfsfólks og vill vera leiðandi á þessu sviði á Íslandi. Félagið hefur sett sér stefnu um öryggis-, heilbrigðis- og vinnuverndarmál þar sem fram kemur það markmið að engin slys eða heilsutjón verði í starfsemi þess. Þá er unnið eftir sérstöku öryggisstjórnunarkerfi sem nær til allra starfsmanna í samstæðu Samherja.

Samherji vinnur stöðugt að umbótum á starfsstöðvum sínum og leitar allra leiða, með þróun, nýjum lausnum og bættum verklagsreglum til að fjarlægja, fyrirbyggja og draga úr þeirri hættu sem steðjar að í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum í samvinnu við starfsfólk. Samherji leggur metnað sinn í að fylgja gildandi lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðrum gildandi reglum. Fræðsla og leiðbeiningar um öryggi og vinnuvernd eru bæði almennar og sérsniðnar að hverri starfsstöð.

SKIPULÖGÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Hjá Samherja er unnið eftir skipulagðri áhættustjórnun sem felur í sér að öll stig framleiðslunnar eru metin með tilliti til forvarna, verkferlaskráningar og öryggisreglna. Allar starfsstöðvar eru skipulagðar og hannaðar með það fyrir augum að draga úr líkamlegu álagi starfsmanna og þar með slyshættu. Hjá Samherja eru haldnir sérstakir öryggisfundir með stjórnendum þar sem farið er yfir atvik og mögulegar ábendingar og úrbætur ræddar. Öll atvik sem koma upp eru skráð í sérstakan gagnagrunn og eru slys rannsökuð samkvæmt *Root Cause Analysis* aðferðafræðinni.

Til staðar er öflug nýliðafræðsla fyrir nýja starfsmenn og fræðslukerfi sem viðheldur þekkingu starfsfólks og styrkir öryggismenningu. Gefnar voru út öryggishandbækur og innleitt var öryggis snjallforrit fyrir allar áhafnir á skipum Samherja. Áhafnir taka jafnframt þátt í reglulegum öryggisæfingum þar sem farið er yfir öll helstu atriði til að tryggja öryggi á sjó.

SLYS Á ÁRINU

Það er markmið Samherja að engin slys verði í starfsemi félagsins og að engir starfsmenn þurfi að glíma við vinnutengdan heilsubrest. Samherji leitast stöðugt eftir því að bæta vinnuumhverfi og verkferla og innleiða tækninýjungar til að ná þessum markmiðum.

Á árinu 2025 urðu samtals 23 fjarveruslys, þ.e. slys sem leiddu til fjarveru frá vinnu, innan samstæðunnar. Flest þeirra urðu í landeldi Samherja fiskeldis ehf. eða tíu talsins.

Fjarveruslysum innan samstæðunnar fækkaði um sex milli ára en þau voru 29 á árinu 2024. Hins vegar urðu fjarverudagar vegna slysa fleiri og voru 768 á árinu 2025 en höfðu verið 474 árið á undan.

FJÖLDI FJARVERUSLYSA

Fjöldi slysa	2025	2024	2023	2022
Landvinnsla	6	18	23	26
Fiskeldi	10	5		
Skip	7	6	9	7
Samtals	23	29	32	33

FJÖLDI FJARVERUDAGA VEGNA SLYSA

Fjöldi daga	2025	2024	2023	2022
Landvinnsla	101	70	194	618
Fiskeldi	196	13		
Skip	471	391	341	523
Samtals	768	474	535	1141

HEILSUEFLING

Samherji vill leggja sitt af mörkum til til að stuðla að góðri heilsu starfsmanna. Félagið er með samninga við Heilsuvernd og Sjómannaheilsu sem bjóða upp á sérhæfða heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf fyrir starfsfólk. Öllum starfsmönnum stendur til boða að fara reglulega í heilsufarsskoðun hjá hjúkrunarfræðingi þeim að kostnaðarlausu og er þjónustan veitt á vinnutíma. Samherji greiðir jafnframt árlegan 50.000 kr. lýðheilsustyrk til heilsueflingar til allra starfsmanna sem stunda reglulega hreyfingu, t.d. í líkamsræktarstöðvum. Lausráðnir starfsmenn fá styrkinn greiddan miðað við vinnuhlutfall.

Samherji hvetur starfsfólk til að nýta sér vist- og heilsuvænan samgöngumáta í ferðum til og frá vinnu til hagsbóta fyrir umhverfi og heilsu. Á árinu 2025 bauðst starfsfólki að gera samgöngusamning við félagið og er þetta sjöunda árið í röð sem það er í boði. Samningurinn felur í sér mánaðarlegan styrk upp á 9.000 kr. til þeirra starfsmanna sem hjóla, ganga eða taka strætó þrjá daga vikunnar og gildir hann allt árið.



Nokkrir þeirra starfsmanna á Akureyri sem nýta sér samgöngusamninginn og hjóla í vinnuna.



Hjólageymsla ÚA við Fiskitanga 4 er vel nýtt alla daga. Sömu sögu er að segja um aðrar starfsstöðvar Samherja.

STUÐNINGUR VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ

Samherji hefur frá fyrstu tíð lagt ríka áherslu á að styðja við nærsamfélagið á þeim svæðum þar sem félagið er með starfsemi. Þetta birtist í því að forgangsraða viðskiptum við birgja í nærsamfélaginu og styðja frjáls félagasamtök eins og íþróttafélög. Þessi stuðningur hefur verið mest áberandi á Eyjafjarðarsvæðinu og hefur félagið verið leiðandi í stuðningi við íþrótt- og æskulýðsstarf á Akureyri og á Dalvík um margra ára skeið.

Segja má að þessi stuðningur við íþróttastarf í landinu hafi færst á nýtt stig á árinu 2025 þegar Samherji gerðist einn af aðalstyrktaraðilum Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) og landsliðanna í handbolta. Er nánari grein gerð fyrir þessu samstarfi hér aftar í skýrslunni.

Samherji hefur líka tekið þátt í ýmsum verkefnum á sviði góðgerðarmála. Þar má nefna Bleiku slaufuna sem er árlegt árvekni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá konum og Mottumars, átaki sem helgað er baráttunni gegn krabbameinum hjá körlum. Samherji tekur þátt í bleikum október og bleika deginum.



Frá Dalvík.

Frá leik Íslands og
Þýskalands á HM
26. nóvember 2025.



Frá undirritun samningsins. Frá vinstri: Jón Halldórsson, formaður HSÍ, Baldvin Þorsteinsson, forstjóri Samherja hf. og Harpa Vífilsdóttir, stjórnarmaður í HSÍ.

SAMSTARF SAMHERJA OG HSÍ

Í nóvember 2025 undirrituðu Samherji hf. og Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) samstarfssamning þar sem Samherji varð einn af helstu styrktaraðilum landsliðanna í handbolta.

Samningurinn nær til landsliða karla og kvenna ásamt yngri landsliðum og felur í sér stuðning við áframhaldandi uppbyggingu afreksstarfs og þróun handboltans á landsvísu. Samningurinn felur m.a. í sér að merki Samherja er á keppnisbúningum allra landsliða Íslands í handbolta og er það á áberandi stað ofarlega á treyjunni, í miðjunni við hálsmálið.

Samstarfið var mjög sýnilegt á þeim tveimur stórmótum sem fóru fram strax í kjölfar undirritunar samningsins. HM í handbolta kvenna fór fram í Þýskalandi og



Fyrir fyrsta leikinn á EM gegn Ítalíu 16. janúar 2026.

Hollandi dagana 26. nóvember til 14. desember 2025 þar sem íslensku stelpurnar voru meðal þátttakenda. Í tengslum við keppnina var sýnd sjónvarpsauglýsing fyrir „Besta bitann af þorskinum“ frá Samherja með leikmönnum landsliðsins.

EM í handbolta karla fór síðan fram 15. janúar til 1. febrúar 2026 í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í tengslum við mótið var framleidd sjónvarpsauglýsing með leikmönnum karlalandsliðsins fyrir „Besta bitann af þorskinum.“ Merki Samherja var áberandi á mótinu. Bæði vegna leikjanna sjálfra og auglýsingarinnar sem sýnd var fyrir alla leiki á mótinu. Þá fór stór hópur Íslendinga út til að styðja við „strákana okkar“ og voru margir klæddir nýju landsliðstreyjunni.

STJÓRNARHÆTTIR

A photograph of a person's hands typing on a keyboard in a dimly lit office. The image is overlaid with a blue color filter. The person is wearing a light-colored, long-sleeved shirt. The keyboard is a standard office keyboard. The background is blurred, showing a desk and some papers. The text "STJÓRNARHÆTTIR" is written in white, bold, uppercase letters on the left side of the image.



Frá skrifstofu Samherja í Kópavogi.

ALMENNT

Stjórnarhættir Samherja hf. mótast af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Samherji hf. og dótturfélög þess starfa eftir lögum og reglum sem lúta að rekstri fiskiskipa, nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og matvælaframleiðslu. Starfsemi félagsins lýtur jafnframt ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts þess háðar leyfisveitingum opinberra aðila.

HLÍTINGARKERFI

Á árinu 2021 samþykkti stjórn Samherja hf. að setja á laggirnar heildstætt hlíttingarkerfi á sviði stjórnarhátta sem gildir þvert á samstæðu félagsins. Kerfið samanstendur af hátternisreglum og undirliggjandi stefnum og verklagsreglum. Undirstaðan í þessu kerfi eru hátternisreglur Samherja sem geyma þau gildi sem félagið starfar eftir og þær siðferðiskröfur sem það gerir til starfsfólks. Þar kemur fram að fyrirtækið hafi einsett sér að fylgja gildandi lögum, reglum og viðurkenndum stöðlum í sínum rekstri ásamt því að starfa á siðferðilegan, sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt, iðka góða stjórnarhætti og virða alþjóðlega viðurkennda staðla. Hátternisreglurnar gilda um starfsfólk, stjórnendur, stjórnarmenn og þá sem koma fram fyrir hönd Samherja.

Undirliggjandi stefnur og verklagsreglur í hlíttingarkerfi Samherja styðja við

hátternisreglurnar og hafa að geyma lýsingu á þeim kröfum sem félagið gerir ásamt nákvæmari leiðbeiningum um hvernig megi framfylgja reglunum. Má þar nefna mannréttindastefnu, viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreiti og ofbeldi, stefnu í vinnuverndar- og öryggismálum, jafnréttisáætlun, persónuverndarstefnu o.fl. Að auki hefur Samherji sett sér verklagsreglur til að fyrirbyggja spillingu, mútugreiðslur og peningabætti. Þá hefur félagið innleitt sérstakt tilkynningarkerfi um hugsanleg brot sem gerir starfsfólki kleift að tilkynna um atvik, bæði undir nafni og nafnlaust. Tilkynningarkerfið, sem er rafrænt, hefur að geyma verkferla um viðbrögð og málsmeðferð eftir að tilkynning berst.

Hlíttingarkerfið gildir um öll dótturfélög í samstæðunni sem Samherji hf. á ráðandi hlut í. Samhliða innleiðingu kerfisins fékk starfsfólk fræðslu um virkni og beitingu þess, þ.e. hátternisreglnanna og undirliggjandi stefna og verklagsreglna. Samherji lét jafnframt setja upp rafrænan aðgang fyrir hlíttingarkerfið inni á starfsmannavef Samherja þar sem starfsfólk þurfti að staðfesta hátternisreglurnar og undirliggjandi stefnur og verklagsreglur með rafrænum skilríkjum. Allir nýir starfsmenn sem ráðnir eru til Samherja þurfa að gera slíkt hið sama. Þá getur starfsfólk hvenær sem er skráð sig inn á starfsmannavefinn til að fletta upp í stefnum og verklagsreglum hlíttingarkerfisins.

AÐILD AÐ SAMTÖKUM

Samherji leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt, íslenskt atvinnulíf og samfélagið í heild. Félagið leggur áherslu á að koma réttum upplýsingum á framfæri um rekstur félagsins og íslenskan sjávarútveg almennt. Þetta gerir félagið meðal annars með virkri þátttöku í frjálsum félagasamtökum og er félagið aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Samtökum atvinnulífsins (SA) og Félagi uppsjávariðnaðarins.



A large school of fish, likely salmon, swimming in deep blue water. The fish are densely packed and moving in a coordinated pattern, creating a rhythmic, undulating movement across the frame. The lighting is soft and even, highlighting the silvery scales of the fish against the dark blue background.

GRI TILVÍSUNARTAFLA

GRI TILVÍSUNARTAFLA

GRI staðall	GRI vísar	Í skýrsl- unni?	Kaflaheiti	Viðbótarupplýsingar eða athugasemdir
GRI 2: Almenn upplýsingagjöf 2021	2-1 Um fyrirtækið	Já	Samstæðan	
	2-2 Rekstrareiningar/aðilar sem falla undirupplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni	Já	Um skýrsluna, Samstæðan	
	2-3 Skýrslutímabil, tíðni og samskiptaupplýsingar	Já	Um skýrsluna	
	2-4 Endurframsettar upplýsingar	Já	Um skýrsluna	
	2-5 Ytri úttekt og vottun	Já	Um skýrsluna	
	2-6 Starfsemi, virðisbætur og önnur viðskiptasambönd.	Já	Samstæðan, Virðisbætur	
	2-7 Starfsfólk	Já	Mannauður	
	2-8 Vinnuafli sem er ekki starfsfólk	Nei		
	2-9 Stjórnskipulag og skipurit	Já	Skipurit, Stjórn	
	2-10 Tilnefning og val á æðstu stjórnendum	Já	Stjórn	
	2-11 Stjórnarformaður	Já	Stjórn	
	2-12 Hlutverk og aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa á sjálfbærnimál	Já	Almennt um sjálfbærni hjá Samherja	
	2-13 Framsal ábyrgðar á stýringu áhrifa	Já	Almennt um sjálfbærni hjá Samherja	
	2-14 Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	Já	Um skýrsluna, Almennt um sjálfbærni hjá Samherja	
	2-15 Hagsmunaaðreksar	Já	Stjórn	
	2-16 Upplýsingagjöf um veigamikil atriði	Já	Stjórn	
	2-17 Heildarþekking æðstu stjórnar	Nei		
	2-18 Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	Nei		
	2-19 Starfskjarastefnur	Nei		
	2-20 Launaákvörðunarferli	Nei		
	2-21 Árlegur launasamanburður	Nei		Samherji hf. og dótturfélög eru með jafnlaunavottun og undirgangast úttekt árlega.
	2-22 Yfirlýsing um stefnu á sviði sjálfbærar þróunar	Já	Ávarp forstjóra	
	2-23 Skuldbindingar í tengslum við stefnur	Já		Liður er uppfylltur að hluta.
	2-24 Samþætting á skuldbindingum í tengslum við stefnur.	Nei		
	2-25 Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum	Já	Almennt um sjálfbærni hjá Samherja, Stjórnarhættir	Liður er uppfylltur að hluta.
	2-26 Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna um álitamál	Já	Stjórnarhættir, hlífingarkerfi	
	2-27 Hlífing við lög og reglur	Já		Engar sektir voru lagðar á félagið á því tímabili sem skýrslan nær yfir.


GRI staðall	GRI vísar	Í skýrsl- unni?	Kaflaheiti	Viðbótarupplýsingar eða athugasemdir
	2-28 Aðild að samtökum og félögum	Já	Aðild að samtökum	
	2-29 Nálgun við þátttöku haghafa	Já	Tvöföld mikilvægisgreining	
	2-30 Kjarasamningur	Nei		Meirihluti starfsfólks er með ráðningarsamning sem grundvallast á kjarasamningi en hlutfall í % liggur ekki fyrir.
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3-1 Aðferð við að ákvarða mikilvæga þætti	Já	Tvöföld mikilvægisgreining	
	3-2 Listi yfir mikilvæga þætti	Já	Tvöföld mikilvægisgreining	
	3-3 Stýring mikilvægra þátta	Já	Tvöföld mikilvægisgreining	
GRI 101: Líffræðileg fjölbreytni 2024	101-1 Stefnum til að stöðva og snúa við tapi á líffræðilegum fjölbreytileika	Já	Líffræðileg fjölbreytni	
	101-2 Stýring áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika	Já	Líffræðileg fjölbreytni	
	101-3 Aðgangur og deiling ávinnings	Nei		
	101-4 Staðfesting áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika	Já	Líffræðileg fjölbreytni	Liður er uppfylltur að hluta.
	101-5 Staðsetningar þar sem gætt er áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika	Já	Líffræðileg fjölbreytni	Liður er uppfylltur að hluta.
	101-6 Beinir áhrifaþættir hnignunar líffræðilegs fjölbreytileika	Nei		
	101-7 Breytingar á líffræðilegum fjölbreytileika	Nei		
	101-8 Vistkerfabjónusta	Nei		
	201-1 Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Já	Fjárhagur	
	201-2 Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftslagsbreytinga	Já	Áhættur og tækifæri vegna loftslagsbreytinga	
GRI 201: Efnahagsleg frammistaða 2016	201-3 Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	Nei		
	201-4 Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	Já		Samherji hf. þáði enga fjárhagsaðstoð af neinu tagi frá stjórnvöldum á árinu 2025.
	202-1 Hlutföll almennra byrjunarlauna eftir kyni samanborið við staðbundin lágmarkslaun	Nei		
	202-2 Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu	Nei		
GRI 203: Óbein efnahagsleg áhrif 2016	203-1 Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við	Já	Eldisgarður, Stuðningur við nærsamfélagið	Liður er uppfylltur að hluta.
	203-2 Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Nei		

GRI staðall	GRI vísar	Í skýrslunni?	Kaflaheiti	Viðbótarupplýsingar eða athugasemdir
GRI 204: Starfsvenjur við innkaup 2016	204-1 Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Nei		Samherji hf. hefur ávallt lagt ríka áherslu á að stunda viðskipti við birgja í nærsamfélaginu og eru margir af helstu birgjum félagsins á Eyjafjarðarsvæðinu. Hins vegar hefur hlutfall útgjalda ekki verið reiknað út og þess vegna eru þessar upplýsingar ekki birtar í skýrslunni.
	GRI 205: Aðgerðir gegn spillingu 2016	205-1 Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	Nei	
GRI 206: Samkeppnishamlandi hegðun 2016	205-2 Samskipti og þjálfun um stefnur og verklagsreglur gegn spillingu	Já	Stjórnarhættir, hlítingarkerfi	Liður er uppfylltur að hluta.
	205-3 Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir sem gripið var til	Já		Engin slík tilvik komu upp á árinu.
	GRI 206: Samkeppnishamlandi hegðun 2016	206-1 Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokun.	Já	
GRI 207: Skattur	207-1 Skattaleg nálgun	Nei		
	207-2 Stjórnarhættir við skattlagningu, stýringu og áhættustjórnun	Nei		
	207-3 Virkni hagaðila og málefna stjórnun er varðar skattlagningu	Nei		
	207-4 Skýrslugjöf landa	Nei		
GRI 301: Efni 2016	301-1 Efni sem notuð eru eftir þyngd eða rúmmáli	Nei		
	301-2 Endurunnið hráefni sem notað er	Nei		
	301-3 Endurvinnanlegar vörur og efni notað í umbúðir þeirra	Nei		
GRI 302: Orka 2016	302-1 Orkunotkun innan fyrirtækisins	Já	Losun og orkunotkun	
	302-2 Orkunotkun utan fyrirtækisins	Já	Losun og orkunotkun	
	302-3 Orkukræfni	Nei		
	302-4 Samdráttur í orkunotkun	Já	Losun og orkunotkun	
	302-5 Samdráttur í orkuþörf vöru og þjónustu	Nei		
GRI 303: Vatn og frárennsli 2018	303-1 Umgengni við vatn sem samnýttar auðlindir	Nei		
	303-2 Stýring áhrifa af vatnslosun	Nei		
	303-3 Vatnstaka	Já	Vatn og frárennsli	
	303-4 Vatnslosun	Nei		
	303-5 Vatnsnotkun	Já	Losun og orkunotkun	

GRI staðall	GRI vísar	Í skýrslunni?	Kaflaheiti	Viðbótarupplýsingar eða athugasemdir
GRI 305: Losun 2016	305-1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 1)	Já	Losun og orkunotkun	
	305-2 Óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 2)	Já	Losun og orkunotkun	
	305-3 Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 3)	Já	Losun og orkunotkun	Liður er uppfylltur að hluta.
	305-4 Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Nei		
	305-5 Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Já	Losun og orkunotkun	
	305-6 Losun ósoneyðandi efna	Nei		Engri slíkri losun er til að deifa í rekstri félagsins.
	305-7 Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda	Nei		Engri slíkri losun er til að deifa í rekstri félagsins.
GRI 306: Frárennsli og úrgangur 2016	306-3 Umfangsmikil mengunarslys	Nei		Engin slík tilvik komu upp á árinu.
GRI 306: Úrgangur 2020	306-1 Losun úrgangs og veruleg áhrif tengd úrgangi	Já	Flokkun úrgangs	
	306-2 Stýring áhrifa vegna losunar úrgangs	Já	Flokkun úrgangs	
	306-3 Heildarmagn úrgangs	Já	Flokkun úrgangs	
	306-4 Úrgangur sem var endurnýttur	Já	Flokkun úrgangs	
	306-5 Úrgangur sem var urðaður	Já	Flokkun úrgangs	
GRI 308: Umhverfismat á birgjum 2016	308-1 Nýir birgjar sem voru skimaðir með því að notast við umhverfisviðmið	Nei		
	308-2 Neikvæð umhverfisáhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Nei		
GRI 401: Atvinna 2016	401-1 Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta	Nei		
	401-2 Fríðindi fyrir starfsmenn í fullu starfi en ekki fyrir starfsmenn í hluta- eða tímabundnu starfi	Nei		
	401-3 Fæðingarorlof	Nei		
GRI 402: Samskipti vinnuafis og stjórnenda 2016	402-1 Lágmarksfrestur tilkynninga vegna rekstrarbreytinga	Nei		

GRI staðall	GRI vísar	Í skýrslunni?	Kaflaheiti	Viðbótarupplýsingar eða athugasemdir
GRI 403: Heilsa og öryggi á vinnustaðnum 2018	403-1 Stjórnunarkerfi um heilsu og öryggi á vinnustað	Já	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd	
	403-2 Auðkenning á hættu, áhættumat og rannsókn atvika	Já	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd	
	403-3 Þjónusta tengd heilbrigði á vinnustað	Já	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd, Heilsuefning	
	403-4 Þátttaka starfsmanna, samráð og samskipti um heilsu og öryggi á vinnustað	Já	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd	
	403-5 Þjálfun starfsmanna varðandi heilsu og öryggi á vinnustað	Já	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd	
	403-6 Heilsuefning starfsmanna	Já	Heilsuefning	
	403-7 Forvarnir og mótvægisáðgerðir vegna áhrifa heilbrigði og öryggi á vinnustað og tengist viðskiptasamböndum beint	Nei		
	403-8 Starfsmenn sem falla undir stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað	Já	Öryggi, heilbrigði og vinnuvernd	Liður er uppfylltur að hluta.
	403-9 Vinnutengd slys á fólki	Já	Slys á árinu	
	403-10 Vinnutengdur heilsubrestur	Já	Slys á árinu	
GRI 404: Þjálfun og menntun 2016	404-1 Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	Nei		
	404-2 Áætlanir um símenntun starfsmanna og stuðningur við breytingar	Já	Fræðsla	
	404-3 Hlutfall starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	Nei		
GRI 405: Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri 2016	405-1 Fjölbreytileiki stjórna og starfsmanna	Já	Mannauður, Jafnrétti	Liður er uppfylltur að hluta.
	405-2 Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla	Já	Jafnfrétti	Liður er uppfylltur að hluta.
GRI 406: Bann við mismunun 2016	406-1 Tilvik um mismunun og framkvæmdar úrbætur	Nei		Á árinu komu ekki upp nein tilvik vegna mismununar.
GRI 407: Félagafrelsi og kjarasamningsgerð 2016	407-1 Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð	Nei		
GRI 408: Barnaþrælkun 2016	408-1 Rekstur og birgjar þar sem verulega hætta getur verið á barnaþrælkun	Já	Mannréttindi	
GRI 409: Nauðungar- og skylduvinna 2016	409-1 Rekstur og birgjar þar sem veruleg hætta getur verið á nauðungar- eða skylduvinnu	Já	Mannréttindi	
GRI 410: Starfsvenjur á sviði öryggismála 2016	410-1 Starfsmenn í öryggisgæslu sem fá þjálfun í stefnu eða verklagsreglum í mannréttindamálum	Nei		
GRI 411: Réttindi frumbyggja 2016	411-1 Tilvik um brot sem vörðuðu réttindi frumbyggja	Nei		Félagið hefur enga starfsemi nálægt byggð eða svæðum frumbyggja.

GRI staðall	GRI vísar	Í skýrslunni?	Kaflaheiti	Viðbótarupplýsingar eða athugasemdir
GRI 413: Nærsamfélög 2016	413-1 Rekstur með virkni í nærsamfélaginu, mat á áhrifum og þróunaráætlanir	Nei		
	413-2 Rekstur sem hefur umtalsverð, raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Nei		
GRI 414: Félagslegt mat á birgjum 2016	414-1 Nýir birgjar sem voru skimaðir á grundvelli félagslegra viðmiða	Nei		Samherji framkvæmir áreiðanleikakönnun á öllum sínum birgjum áður en stofnað er til viðskipta við þá.
GRI 415: Opinber stefna 2016	414-2 Neikvæð félagsleg áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Nei		
	415-1 Framlög til stjórn mála	Nei		
GRI 416: Heilsa og öryggi viðskiptavina 2016	416-1 Mat á heilsu- og öryggisáhrifum vöru- og þjónustuflokka	Nei		Samherji hf. er með mjög stranga gæðafaerla fyrir afurðir þar sem verkferlar um gæði þeirra og öryggi sæta stöðugu endurmati. Engin slík tilvik komu upp á árinu.
	416-2 Atvik þar sem ekki var farið eftir reglum og varða vöru og þjónustu sem hefur áhrif á heilsu og öryggi	Nei		
GRI 417: Markaðssetning og merking 2016	417-1 Kröfur til upplýsinga og merkinga á vörum og þjónustu	Nei		
	417-2 Atvik þar sem ekki var farið eftir reglum sem varða upplýsingar og merkingar á vörum og þjónustu	Nei		Engin slík tilvik komu upp á árinu.
GRI 418: Persónuvernd viðskiptavina 2016	417-3 Atvik við markaðssetningu þar sem ekki var farið eftir reglum	Nei		Engin slík tilvik komu upp á árinu.
	418-1 Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og glötun gagna þeirra	Nei		Engin slík tilvik komu upp á árinu.



SAMHERJI

ICE FRESH SEAFOOD

© 2025